# FRÉTTABLAÐIÐ

88. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 15. APRÍL 2016




Föstudagsviðtalið.

## Gistiskýli er ekki lausnin

**Sveinn Allan Morthens,** forstöðumaður gistiskýlis fyrir utangarðsmenn, vill að menn borgi lítilræði fyrir matinn og gistinguna sem hingað til hefur verið ókeypis. Þannig geti þeir haldið meiri reisn. Mikilvægt sé að menn séu látnir taka ábyrgð á eigin lífi, ekki vafðir inn í bómull og gert kleift að halda neyslunni áfram. Stefna borgarinnar í þessum efnum sé góð og í takt við þessar hugmyndir. Nú þurfi að fylgja henni eftir. SÍÐA 10

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Borgin setti fjármálastjóra stólinn fyrir dyrnar

**VIÐSKIPTI** Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar, þurfti að draga framboð sitt til bankaráðs Landsbankans til baka í gær. „Mínir yfirmenn töldu það ekki fara saman við starf mitt sem fjármálastjóri borgarinnar. Í valinu þess á milli fannst mér eðlilegast að ég veldi borgina,“ segir Birgir.

Vegna þessa var ekki hægt að kjósa nýtt bankaráð á aðalfundi Landsbankans sem fór fram í Hörpu í gær. Þess í stað þurfti að fresta þeim kosningum til 22. apríl næstkomandi. Fráfarandi bankaráð mun því starfa nokkrum dögum lengur en ætlað hafði verið.

Fráfarandi formaður bankaráðs, Tryggvi Pálsson, sagði á aðalfundinum að bankaráð iðraðist þess hvernig staðið var að sölunni á hlut bankans í Borgun. „Við iðrumst þess og hefðum betur getað staðið öðruvísi að sölunni og haft hana í opnu ferli árið 2014. Við hefðum betur áttað okkur á því að þarna væri happdrættisvinningur sem gæti fallið Borgun í skaut,“ sagði Tryggvi.

Tryggvi vék einnig að húsnæðismálum bankans í ræðu sinni og sagði vandann óleystan en að bygging nýs húsnæðis á Austurhöfninni í Reykjavík væri hagkvæmasti kosturinn.

Bankastjórinn Steinþór Pálsson var ánægður með gengi bankans undanfarið ár. „Þetta var gríðarlega gott ár á alla mælikvarða,“ sagði Steinþór. – **þea** / **sjá síðu 6**

### Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Bergur Ebbi skrifar um stjórnmál og ofbeldi. 13

**SPORT** Öryggisgæslan í kringum EM í knattspyrnu er gríðarlega umfangsmikil að sögn Víðis Reynissonar hjá KSÍ. 14

**LÍFIÐ** Slagverkshópurinn Stomp spilar á ruslafötur. 28

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **SUMARDEKK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## Á yfir 100 pör af strigaskóm

**LÍFIÐ** „Það er engin ein ákvörðun að byrja að safna, þetta safnast í raun bara upp hjá manni. Ég hef alltaf haft tvö áhugamál síðan ég var lítill – hönnun og íþróttir og það sameinast hérna í þessu safni. Ég var í körfu og Michael Jordan var átrúnaðargoðið. Maður var mikið að spá í körfuboltaskónum og það var kappsmál að vera í nýjustu Jordans,“ segir Sindri Páll Sigurðsson, iðnhönnuður og áhugamaður um strigaskó.

Sindri hefur safnað strigaskóm síðan 1998 og áráttuna má rekja til Michaels Jordan og körfuboltaæðis tíunda áratugarins.

Í dag á Sindri svo mörg pör að hann hefur enga nákvæma tölu á þeim og í nýlegum flutningum átti hann í mestu vandræðum með öll herlegheitin.

Fréttablaðið skrapp í heimsókn til Sindra og fékk að skoða nokkur af hans uppáhaldspörum og heyra söguna bak við þau.

**- sþh** / **sjá síðu 30**






## Veður




Norðankaldi og stöku él austanlands fram eftir degi, en lægir síðan og léttir til. Annars hægari vestanátt og skýjað, en þokuloft eða súld við ströndina. Fremur svalt í veðri. SJÁ SÍÐU 18



**Bæjarbúar á Akranesi eru harmi slegnir.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Alvanalegt að lögregla gái að fólki

**LÖGREGLUMÁL** Yfirlögregluþjónn á Vesturlandi, Jón S. Ólason, segir að ekki megi lesa of mikið í það að lögregla hafi kallað til sérsveit Ríkislögreglustjóra og farið inn í íbúð hjóna á Akranesi, þar sem þau fundust látin. Lögregla telur eiginmanninn, sem var á sjötugsaldri, hafa banað konu sinni og svipt sig lífi í kjölfarið með skotvopni. Fréttablaðið greindi frá því í gær að nágrannar hefðu ekki vaknað við hljóðin.

Að Jóni vitandi hafi lögregla aldrei áður þurft að hafa afskipti af ófriði á heimilinu.

„Þetta er ekki óalgengt. Ég er búinn að vera í þessu í nokkuð mörg ár og við förum oft og athugum með fólk. Það er hringt af vinnustað eða frá ættingjum því það næst ekki í einhvern og allt er slökkt. Þá förum við og athugum málið,“ segir Jón.

Lögregluþjónar á Akranesi höfðu bankað upp á hjá hjónunum áður en kallað var til sérsveitar. Jón segir að þögnin innan frá hafi verið þrúgandi. „Maður var búinn undir allt.“
**– snæ**

> **Það er hringt af vinnustað eða frá ættingjum því það næst ekki í einhvern og allt er slökkt.**
>
> Jón S. Ólason yfirlögregluþjónn

# Naglana burt í dag




**Nagladekk eru ekki leyfileg á götum borgarinnar frá og með deginum í dag til 1. nóvember. Hlutfall negldra dekkja á bifreiðum í Reykjavík var mælt á miðvikudaginn síðastliðinn og reyndist þá 31 prósent ökutækja á negldum dekkjum. Árið 2015 var einnig talið á sama tíma árs og var hlutfall þeirra ökutækja sem voru á negldum dekkjum 28,9 prósent og fyrir tveimur árum 24,9 prósent.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# 82 ára kona í Kvennaathvarfi

**SAMFÉLAG** Tíu prósent kvenna sem leituðu til Kvennaathvarfsins á árinu 2015 gerðu það vegna þess að ástandið á heimili þeirra var óbærilegt, þrátt fyrir að ofbeldismaðurinn byggi ekki á heimilinu. Þetta kemur fram í nýrri ársskýrslu Kvennaathvarfsins.

Alls leituðu 846 konur til athvarfsins á árinu en 126 þeirra dvöldu í athvarfinu. Þá dvöldu 74 börn með mæðrum sínum í Kvennaathvarfinu á síðasta ári. Aðeins einu sinni áður, árið 2010, hafa fleiri konur leitað til Kvennaathvarfsins.

Athygli vekur að ríflega þriðjungur leita til athvarfsins vegna fyrrverandi eiginmanns, sambýlismanns eða kærasta. Oftast leituðu konur til athvarfsins á aldrinum 31-40 ára en algengasti aldur ofbeldismanna var 41-50 ára. Elsta kona til að leita til athvarfsins var 82 ára og ofbeldismaðurinn 83 ára.

Langflestir ofbeldismennirnir voru íslenskir. **– snæ**

# Þröstur telur kjúklinga geta styggt veiðimenn

**Leigutaki Minnivallarlækjar varar við áhrifum fnyks frá fyrirhuguðu 60 þúsund fugla kjúklingabúi á upplifun erlendra stangveiðimanna. Sumarhúsaeigendur óttast ólykt og hávaða. Beðið er niðurstöðu rannsóknar á grunnvatnsrennsli.**

**UMHVERFISMÁL** Áætlun eiganda Jarlsstaða í Landsveit, Þórs Þorsteinssonar, um að koma upp kjúklingabúi fyrir sextíu þúsund fugla bíður enn afgreiðslu hjá Rangárþingi ytra þar sem rannsókn á áhrifum starfseminnar á vatnsvernd á svæðinu er ólokið.

Þórarinn hafði í samvinnu við Sláturfélag Suðurlands áður haft áform um uppbyggingu sömu kjúklingabúa annars staðar í landi sínu. Verkefninu var hafnað í desember síðastliðinn af Rangárþingi ytra vegna nálægðar við vatnsverndarsvæði. Þór sótti þá um leyfi fyrir fuglahúsunum á nýjum stað.

Fram kemur í umsögn sem verkfræðistofan Mannvit gerði fyrir Þór að ætlunin sé að nota hænsnaskít sem falli til á búinu sem áburð á 300 hektara lands. Lindarvatni við svokallað Kerauga stafi ekki hætta af frárennsli frá búinu. Engu að síður ákvað sveitarfélagið að kanna nýja staðsetningu með tilliti til grunnvatnsrennslis á svæðinu og stendur sú rannsókn enn.

Í millitíðinni hafa borist athugasemdir frá ýmsum í nágrenninu. Þröstur Elliðason, veiðileyfasali og leigutaki urriðaveiðiárinnar Minnivallalækjar, mótmælir harðlega í tölvubréfi til Rangárþings ytra.

„Fyrst og fremst vegna væntanlegs fnyks frá búinu sem bærist yfir svæðið, ekki beint aðlaðandi fyrir hina fjölmörgu erlendu veiðimenn sem í lækinn sækja á hverju ári,“ skrifar Þröstur sem kveður hugsanlega mengun vekja áhyggjur. „Er mikið í húfi fyrir leigutaka og landeigendur að lækurinn verði ekki fyrir skaða af völdum þessarar starfsemi og ekki réttlætanlegt að taka þá áhættu með þessum hugmyndum. Stangveiði er stunduð í Minnivallalæk frá 1. apríl og út september. Afkomendur fyrri ábúenda og núverandi sumarhúsaeigendur í landi Stóru-Valla mótmæla einnig harðlega. Þeir gera meðal annars athugasemdir við yfirvofandi lyktarmengun og háværan hvin frá loftræstingu slíkra kjúklingabúa sem rjúfa muni kyrrðina allan sólarhringinn. Sömuleiðis óttast þeir grunnvatnsmengun.

„Búast má við lyktarmengun þegar vindur stendur að frístundabyggð og óásættanlegt að bjóða upp á slíkar aðstæður á svæði sem fólk sækir sérstaklega til að upplifa kyrrð og hreint loft í Landsveit,“ segir í bréfi sem fjórir sumarhúsaeigendur skrifa til skipulagsstjóra Rangárþings ytra. Þeir segja einnig áformum um frekari sumarhúsabyggð ógnað. „Ekki verður séð að þetta tvennt gangi saman.“
**gar@frettabladid.is**



**Skítnum frá kjúklingabúinu á að dreifa á svæðinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIK ÞÓR

> **Er mikið í húfi fyrir leigutaka og landeigendur að lækurinn verði ekki fyrir skaða af völdum þessarar starfsemi og ekki réttlætanlegt að taka þá áhættu.**
>
> Þröstur Elliðason, leigutaki Minnivallalækjar





TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# BÍLADEKURDAGAR

## Sértilboð á smurþjónustu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota til 30. apríl.




## 20% afsláttur

Sértilboð á olíum, síum, þurrkublöðum, bílaperum, rúðuvökva, frostlegi og fleiru.*

## 15% afsláttur

af vinnu við smurningu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

## Engin vandamál - bara lausnir.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | Garðabæ | 570-5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri | 460-4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi | 480-8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 19 | Reykjanesbæ | 420-6610 |
| Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | Reykjavík | 540-4900 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík | 440-8000 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Skemmuvegi 16 | Kópavogi | 440-8000 |
| Nethamar | Garðavegi 15 | Vestmannaeyjum | 481-1216 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | Ísafirði | 456-4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki | 455-4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | Húsavík | 464-1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstöðum | 470-5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | Reykjanesbæ | 421-6901 |

*Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, bílaperur, rúðuvökvi og frostlögur (afsláttur gildir eingöngu með vinnusölu).

# Bæjarráðið er sárt, svekkt og á leið undir fjárhaldsstjórn

**REYKJANESBÆR** „Við erum mjög svekkt og sár og teljum að lífeyrissjóðirnir séu ekki að sýna ábyrgð í þessu máli,“ segir Friðjón Einarsson, formaður bæjarráðs Reykjanesbæjar og fulltrúi Samfylkingarinnar.

Meirihluti bæjarráðs samþykkti í gær að leggja til við bæjarstjórn að hún óski eftir því að innanríkisráðuneytið skipi sveitarfélaginu fjárhaldsstjórn, sem taki yfir fjármál bæjarins. Málið verður til afgreiðslu á bæjarstjórnarfundi þann 19. apríl.

Friðjón segir lífeyrissjóði og Íbúðalánasjóð hafa neitað samningsdrögum sem bærinn hafði lagt til. „Við sjáum enga leið til þess að ná samkomulagi við lífeyrissjóðina,“ segir hann.

Reykjanesbær hafði lagt til afskriftir upp á 6.350 milljónir króna. Óveðtryggðir kröfuhafar áttu að afskrifa um 50 prósent en veðtryggðir kröfuhafar og leigusalar áttu að afskrifa 24,4 prósent af sínum kröfum.

Friðjón segir að lífeyrissjóðirnir hafi farið fram á að reglum um skuldaviðmiðið verði breytt þannig að Reykjanesbær þurfi ekki að koma skuldaviðmiði sínu niður í 150 prósent fyrir árið 2022 líkt og lög geri ráð fyrir. „Við ráðum bara ekki við það, þeir verða að semja við ríkið um það,“ segir Friðjón.

Friðjón segir að íbúar Reykjanesbæjar eigi ekki að gjalda fyrir skuldasöfnun fyrri ára. „Það er algjörlega óásættanlegt,“ segir hann.

> Við sjáum enga leið til þess að ná samkomulagi við lífeyrissjóðina.
>
> Friðjón Einarsson, formaður bæjarráðs Reykjanesbæjar



Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðust gegn tillögu meirihlutans. Í bókun þeirra kom fram að þeir teldu hagsmunum íbúa Reykjanesbæjar betur borgið í höndum kjörinna fulltrúa bæjarstjórnar og bæjarstjóra en í höndum Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

„Algjör óvissa er um hvaða áhrif sú ákvörðun mun hafa á þjónustu og rekstur sveitarfélagsins til næstu ára,“ segir í bókuninni. **– ih**

# Þjóðarsjóður í undirbúningi í fullri sátt

**Vinna að stofnun þjóðarsjóðs hefur staðið yfir undanfarna mánuði. Tæki við arðgreiðslum frá orkufyrirtækjum og önnur fjármögnun kemur vel til greina. Þverpólitískur vilji til staðar. Landsvirkjun í færum á tí- eða tuttuguföldum arðgreiðslum miðað við daginn í dag.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Unnið hefur verið að stofnun auðlindasjóðs, eða þjóðarsjóðs, á undanförnum mánuðum, sem er ætlað að taka við arðgreiðslum frá Landsvirkjun og öðrum orkufyrirtækjum í ríkiseigu. Sjóðurinn er hugsaður sem stöðugleikasjóður til að jafna út sveiflur í efnahagslífinu.

### Ársgömul hugmynd

Þetta kom fram í ræðu Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, á ársfundi Landsvirkjunar í gær, en með því ítrekaði hann þessa hugmynd sína sem var fyrst kynnt fyrir tæpu ári á sama vettvangi. Bjarni sagði að eftir að hugmyndin var kynnt í fyrra hafi hópur úr fjármála- og efnahagsráðuneytinu og forsætisráðuneytinu aflað gagna um markmið og uppbyggingu þjóðarsjóða og fundað með Landsvirkjun og fleiri aðilum. Hann sjálfur hefur fundað með norska fjármálaráðuneytinu og norska olíusjóðnum til að afla betri upplýsinga um starfsemi hans, hlutverk, fjármögnun og ráðstöfun – en skýrt kom fram í máli ráðherra að fyrirmyndin að þjóðarsjóði Íslendinga verður sótt þangað og litið til hvernig hann er rekinn.

„Mér þykir einsýnt að meginviðfangsefni sjóðsins yrði að byggja upp viðnám til að mæta fjárhagslegum áföllum án þess að það leiði til skuldasöfnunar eða ójafnvægis í hagkerfinu. Markmiðin lúta því einkum, [...] að sveiflujöfnun, varúðarsjónarmiðum og sjálfbærni opinberra fjármála. Önnur markmið, eins konar yfirmarkmið, kynnu að tengjast trausti, lánshæfi, aga og kynslóðajöfnuði,“ sagði Bjarni en upplýsingar um getu Landsvirkjunar til að greiða háan arð á næstu árum var kveikjan að hugmyndinni á sínum tíma.

### Auknar arðgreiðslur

Hörður Arnarsson, forstjóri Landsvirkjunar, kynnti á fundinum að grunnrekstur Landsvirkjunar er stöðugt að batna, og með sama áframhaldi verður hægt að auka arðgreiðslur eftir tvö til þrjú ár – stefnt er að því að hækka þær úr 1,5 milljarði í tíu til tuttugu milljarða króna á ári. Á fundinum tók Hörður vel í hugmynd ráðherra, og hefur fyrr sagt að vel megi stofna slíkan sjóð strax þó hann fái ekki arðgreiðslur frá Landsvirkjun strax. Það var tilfellið með orkusjóð Norðmanna, til dæmis.

Fleira kemur þó til greina til fjármögnunar sjóðsins, að sögn Bjarna, eins og að verðbréf í eigu ríkissjóðs sem tengjast orkufyrirtækjum og mögulega aðrar fjárhagslegar eignir rynnu til sjóðsins, svo sem fjármunir í eigu ríkissjóðs sem varðveittir eru í gjaldeyrisvaraforða Seðlabanka Íslands, samkvæmt sérstöku samkomulagi við bankann.

Ekkert virðist því til fyrirstöðu að sjóður sem þessi komist á fót; Bjarni lagði áherslu á að hann ætti að byggja á sýn til áratuga og pólitík dagsins í dag ætti ekki að koma honum við. Samráð hefur verið haft við stjórnarandstöðuflokkana sem allir hafa tekið hugmyndinni vel. Reyndar kom sá velvilji fram allt frá fyrsta degi, eins og Fréttablaðið fjallaði um á sínum tíma.

Bjarni hefur þegar lagt til í ríkisstjórn að skipaðir verði tveir hópar, annars vegar þriggja manna starfshópur sem fái það hlutverk að gera frumvarp til laga um sjóðinn og hins vegar hópur með fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi sem veiti álit sitt á vinnu frumvarpshópsins.




**Það varð ekki misskilið í ræðu Bjarna Benediktssonar að hann kallar eftir því að stjórnmálamenn láti verkefnastjórn rammaáætlunar í friði við vinnu sína.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Mál sem þetta verður að lifa ríkisstjórnir og byggja á sameiginlegum skilningi á því að hugsað er til langs tíma.
>
> Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra

### Breyttir tímar í rekstri Landsvirkjunar

- Skuldir Landsvirkjunar hafa lækkað um 110 milljarða frá 2010.
- Fjárfest hefur verið fyrir aðra 80 milljarða á sama tíma, þar af 60 milljarða í nýframkvæmdum.
- Sala á raforku hefur aldrei verið meiri og jókst á milli ára um 100 megavött.
- Getur ekki annað eftirspurn iðnaðar í dag.
- Krefjast hækkunar orkuverðs í nýjum samningum. Tenging við álverð ekki í boði lengur.
- Tvær virkjanir í byggingu í fyrsta skipti í sögu fyrirtækisins – stækkun Búrfellsvirkjunar og Þeistareykjavirkjun.




# Rannsakar ekki mál Sigmundar Davíðs

**STJÓRNSÝSLA** Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, ætlar ekki að hafa frumkvæði að því að kanna hæfi fyrrverandi forsætisráðherra og tengsl hans við aflandsfélag nema verulega mikið nýtt komi í ljós í máli hans. Hann segir hins vegar brotalöm á siðareglum ráðherra og það sé Alþingis að ganga á eftir því að þær verði lagaðar.



**Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, sagðist ekki geta séð að stjórnvöld hefðu tekið ákvörðun um útgreiðslur til kröfuhafa.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Á fundi með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd í gærmorgun sagði Tryggvi hæfisreglur stjórnsýslulaga aðeins eiga við um stjórnvaldsákvarðanir sem snertu réttindi borgaranna. Hins vegar væri vandinn um að hve miklu leyti hæfisreglur giltu um pólitíska stefnumótun. Eina vanhæfisreglan sem gilti um þingmenn væri að þeir mættu ekki greiða atkvæði um fjárútlát til þeirra sjálfra. Tryggvi sagðist ekki geta séð að um samninga hafi verið að ræða milli ríkisins og kröfuhafa. Endanlegar ákvarðanir hafi verið teknar á Alþingi með lagasetningum.

Þá sagði Tryggvi að hugsanlega væri tilefni til að ganga lengra við skráningu hagsmuna en nú er gert. Hann benti á að í Danmörku væru ítarlegri reglur um hagsmunaskráningu ráðherra en þingmanna. Þar þyrftu ráðherrar einnig að gera grein fyrir hagsmunum maka. Það væri hins vegar Alþingis að móta reglurnar og hans sem eftirlitsaðila á vegum þingsins að meta hvort farið væri eftir þeim.

Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrverandi forsætisráðherra, setti ráðherrum siðareglur eins og samþykkt Alþingis hafði kallað eftir árið 2011. Tryggvi sagði hins vegar hafa gætt misskilnings hjá núverandi ríkisstjórn. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hafi ekki sett siðareglur heldur hefðu þær verið samþykktar í ríkisstjórn. Þetta hlyti að vera byggt á misskilningi þar sem ríkisstjórnin væri ekki fjölskipað stjórnvald og því væri ríkisstjórnin sem slík ekki hæf til stjórnvaldsaðgerða nema í algerum undantekningartilfellum. **– ih**

DISCOVERY SPORT

# ÞÆGILEG STÆRÐ, YFIRBURÐA HÆFILEIKAR

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND



Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem til er í 5 og 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni INGENIUM dísilvél og ríkulegan staðalbúnað, upphitaða framrúðu, nýja 9 þrepa sjálfskiptingu og hið annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.
Discovery Sport dísil sjálfskiptur kostar frá 7.190.000 kr.

www.landrover.is

ENNEMM / SÍA / NM74861

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

## Ergo veitir umhverfisstyrk



**Umhverfissjóður Ergo auglýsir eftir umsóknum um Umhverfisstyrk Ergo**

Sjóðurinn úthlutar umhverfisstyrk að fjárhæð 500.000 kr. að jafnaði einu sinni til tvisvar á ári til frumkvöðlaverkefna en markmið sjóðsins er að hvetja til nýsköpunar og þróunar á sviði umferðar- og umhverfismála.

**Sendu inn þína hugmynd**

Einstaklingar og fyrirtæki geta sótt um styrkinn. Viðskiptaáætlun þarf að fylgja umsókninni ásamt skýringu á því hvernig nýta eigi styrkinn.

Styrknum verður úthlutað á Degi jarðar þann 22. apríl næstkomandi og frestur til að senda inn umsóknir er til 20. apríl. Öllum umsóknum verður svarað.

**Kynntu þér málið nánar á ergo.is**

sími 440 4400 > www.ergo.is

ergo




## Vorsól í Reykjavík



Hitinn á höfuðborgarsvæðinu fór upp fyrir 10 gráður í gær og nýttu margir tækifærið til útiveru. Sumir fóru í fjallgöngu en aðrir, eins og þeir sem sjást á þessari mynd, ákváðu að sleikja sólina á kaffihúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Kosningu bankaráðs Landsbankans frestað

**Aðalfundur Landsbankans var haldinn í Hörpu í gær. Formaður bankaráðs sagði ráðið iðrast þess að ekki hafi verið betur staðið að sölu á hlut bankans í Borgun. Hann ítrekaði mikilvægi þess að húsnæðismál bankans væru leyst.**

**VIÐSKIPTI** Ekki tókst að kjósa í nýtt bankaráð Landsbankans á aðalfundi bankans í Hörpu í gær. Kosningunum var frestað til 22. apríl en Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar, dró sitt framboð til baka í gær eftir að borgaryfirvöld sögðu honum að seta í bankaráði færi ekki saman við starf hans sem fjármálastjóri borgarinnar. Þar sem framboðsfrestur var runninn út þurfti að fresta kosningunum.

Þau Berglind Svavarsdóttir, Danielle Pamela Neben, Helga Björk Eiríksdóttir, Hersir Sigurgeirsson, Jón Guðmann Pétursson, Magnús Pétursson og Einar Þór Bjarnason eru tilnefnd, en Einar kemur í stað Birgis. Lagt er til að Helga verði formaður ráðsins.

Tryggvi Pálsson, fráfarandi formaður bankaráðs, og Steinþór Pálsson bankastjóri voru að mestu ánægðir með liðið ár á aðalfundinum í gær en bankinn skilaði 36,5 milljarða króna hagnaði og sagði Tryggvi árið besta rekstrarár frá stofnun bankans er hann steig í ræðustól.

Þó sagði Tryggvi að bankaráðið iðraðist hvernig staðið hafi verið að sölu bankans á hlut hans í Borgun.



Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, var ánægður með síðasta ár og sagði það „gríðarlega gott“. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Við hefðum betur áttað okkur á því að þarna væri happdrættisvinningur sem gæti fallið Borgun í skaut.



Tryggvi Pálsson, fráfarandi formaður bankaráðs Landsbankans

„Við iðrumst þess og hefðum betur getað staðið öðruvísi að sölunni og haft hana í opnu ferli árið 2014. Við hefðum betur áttað okkur á því að þarna væri happdrættisvinningur sem gæti fallið Borgun í skaut,“ sagði Tryggvi og vísaði til þess að Borgun mun hagnast mikið vegna kaupa Visa Inc á Visa Europe.

Tryggvi vék að húsnæðismálum bankans í ræðu sinni og sagði vandann óleystan en að bygging nýs húsnæðis á Austurhöfninni í Reykjavík væri hagkvæmasti kostur. Steinþór sagðist verða að bíða eftir nýju bankaráði með að ákveða hvað gert verður í þeim málum. „Nýtt bankaráð tekur ákvarðanir í svona málum og við bíðum eftir nýju bankaráði.“

Hann segir stöðu bankans vera að batna hvert sem litið er. „Þetta var gríðarlega gott ár á alla mælikvarða. Við sjáum að tekjur eru að vaxa vegna aukinna viðskipta. Við erum að auka markaðshlutdeild og lækka kostnað á sama tíma,“ segir Steinþór og bætir við: „Það er góð tilfinning sem gerir bankann hæfari til að standa sig. Hann þarf að geta bætt sig til framtíðar fyrir sína viðskiptavini.“

thorgnyr@frettabladid.is

MERIDA | Komdu og skoðaðu úrvalið!

# LÆKKAÐU VERÐIÐ Á MERIDA GÆÐAHJÓLI

**Tökum við gömlum reiðhjólum sem 10.000 kr. greiðslu upp í nýtt Merida hjól, 24" eða stærra.***



*Hjólið má vera í hvaða ástandi sem er.*

*Komdu með gamla hjólið og settu upp í nýtt **Merida hjól** hjá Ellingsen fyrir*

**10.000 kr.**

*og gefðu því framhaldslíf hjólasöfnun Barnaheilla.*

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

**Mikið úrval af aukahlutum!**



**MERIDA** JULIET J24 RACE
**69.990 KR.**
Léttgreiðslur 12.478 kr. í 6 mánuði



**MERIDA** MATTS J24 RACE
**69.990 KR.**
Léttgreiðslur 12.478 kr. í 6 mánuði



*Einnig til dömustell*

**MERIDA** CROSSWAY 15-MD GENT
**99.990 KR.**
Léttgreiðslur 17.638 kr. í 6 mánuði



*Einnig til herrastell*

**MERIDA** CROSSWAY 100 LADY
**134.990 KR.**
Léttgreiðslur 23.691 kr. í 6 mánuði



**MERIDA SPEEDER 200-D**
**149.990 KR.**
Léttgreiðslur 26.279 kr. í 6 mánuði



**MERIDA** SPEEDER 300-D
**169.990 KR.**
Léttgreiðslur 29.729 kr. í 6 mánuði



**MERIDA** CYCLOCROSS 300
**199.990 KR.**
Léttgreiðslur 34.904 kr. í 6 mánuði



**MERIDA** SCULTURA 400
**249.990 KR.**
Léttgreiðslur 43.529 kr. í 6 mánuði

*Aðeins er tekið við einu gömlu reiðhjóli sem 10.000 kr. greiðslu upp í nýtt Merida hjól. Verð og stærðir birt með fyrirvara um prentvillur.

PIPAR\TBWA • SÍA

**REYKJAVÍK**
Fiskislóð 1
Sími 580 8500

**AKUREYRI**
Tryggvabraut 1–3
Sími 460 3630

**OPNUNARTÍMI**
Mán.–fös. 10–18
Lau. 10–16

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

# Þýskur grínisti fór í felur vegna hótana

**Þýska stjórnin hikar við að taka ákvörðun um hvort ákæra eigi Jan Böhmermann fyrir að móðga erlendan þjóðhöfðingja. Tyrkir hafa gert formlega kröfu um að honum verði refsað. Grínistinn fékk í vikunni verðlaun sem veitt eru fyrir framúrskarandi sjónvarpsefni.**

**ÞÝSKALAND** Þýski grínistinn Jan Böhmermann hefur ekki látið sjá sig opinberlega síðustu daga. Síðan á fimmtudaginn nýtur hann lögregluverndar.

Hann á allt að fimm ára fangelsi yfir höfði sér fyrir að móðga Recep Tayyip Erdogan, forseta Tyrklands.

Samkvæmt þýskum hegningarlögum er refsivert að móðga erlendan þjóðhöfðingja. Sambærilegt ákvæði er enn í íslenskum hegningarlögum.

Angela Merkel kanslari stendur að vísu með Böhmermann og segir ekki koma til greina að takmarka tjáningarfrelsi hans: „Við erum með grundvallargildi í stjórnarskránni og þar á meðal er fimmta greinin, þar sem eru ákvæði um skoðanafrelsi, vísindafrelsi og auðvitað listfrelsi,“ sagði hún.

Tyrknesk stjórnvöld hafa hins vegar lagt fram formlega kröfu um að Böhmermann verði sóttur til saka. Þýska ríkisstjórnin þarf að taka afstöðu til þessarar kröfu, en Steffen Seibert, talsmaður stjórnarinnar, segir enga ákvörðun hafa verið tekna um það hvenær ákvörðunar er að vænta.

Böhmermann birti nýverið í sjónvarpsþætti sínum, Neo Magazin Royale, harða ádeilu á Erdogan, þar sem forseti Tyrklands var dreginn sundur og saman í háði.

Hann fékk í vikunni þýsku Grimme-verðlaunin, sem veitt eru fyrir framúrskarandi sjónvarpsefni. Hann sá sér reyndar ekki fært að mæta til verðlaunaafhendingarinnar, og gaf þá skýringu að hann ætti erfitt með að fagna undir þeim kringumstæðum, sem nú ríkja: „Mér finnst allt sem ég hef trúað á vera að engu orðið,“ sagði hann.

Verðlaunin fékk hann reyndar ekki fyrir grínið, sem hann gerði að Erdogan, heldur fyrir grín sem hann gerði á síðasta ári þar sem hann dró Janis Varoufakis, fyrrverandi fjármálaráðherra Grikklands, sundur og saman í háði af engu minna vægðarleysi en tyrkneska forsetann.

Varoufakis hafði hins vegar húmor fyrir gríninu og sendi frá sér yfirlýsingu í gær til stuðnings Böhmermann: „Evrópa glataði fyrst sálu sinni (með samkomulaginu við Tyrkland um flóttafólk), og er nú að glata húmornum. Látið Böhmermann í friði.“

Merkel kanslari vill samt ekki fá Erdogan upp á móti sér, nú þegar Tyrkir hafa fallist á að leysa að hluta þann flóttamannavanda sem Evrópuríki hafa sárlega kveinkað sér undan.

Merkel lagði ríka áherslu á að ná þessu samkomulagi við Tyrki, enda var hún farin að finna fyrir andbyr innanlands vegna þess hve vel hún vildi taka á móti flóttafólki. Hún virðist því vera stödd í ákveðinni klípu þessa dagana.

**gudsteinn@frettabladid.is**




**„Saknað“ stendur á spjaldinu með mynd af grínistanum Jan Böhmermann, sem mætti ekki til verðlaunaafhendingar í vikunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA


## Framhaldsaðalfundur Landsbankans hf.

Framhaldsaðalfundur Landsbankans hf. verður haldinn föstudaginn 22. apríl 2016 klukkan 13:00 í Austurstræti 11, Reykjavík.

**Dagskrá:**

1. Kosning bankaráðs.

**Aðrar upplýsingar:**

Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 skal tilkynna skriflega um framboð til bankaráðs skemmst fimm dögum fyrir framhaldsaðalfundinn. Tilkynna skal skriflega um framboð til bankaráðs fyrir kl. 13:00, 17. apríl 2016 til skrifstofu bankastjóra, Austurstræti 11, Reykjavík. Upplýsingar um frambjóðendur til bankaráðs verða lagðar fram og birtar á vef bankans eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Helstu niðurstöður aðalfundarins er að finna á vefsvæði bankans.

**Reykjavík, 14. apríl 2016**
**Bankaráð Landsbankans hf.**

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000




**Zsófia fær góða aðstoð frá Bárunni stéttarfélagi. Formaður félagsins segir marga vinnuveitendur bera við vankunnáttu.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Ungverska stúlkan fær aðstoð stéttarfélags

**VINNUMARKAÐUR** Zsófia Sidlovits, ungversk stúlka sem vann allt að tvö hundruð tíma á mánuði án samnings og fékk greitt undir lágmarkskjörum fær aðstoð Bárunnar stéttarfélags. Zsófia vann á sveitabænum Fjalli I á Suðurlandi og greindi sjálf frá aðstæðum sínum í viðtali við Fréttablaðið. Í máli hennar kom fram að þrátt fyrir allt hafi hún kunnað vel við húsráðendur og þótti vænt um börn og dýr sem hún annaðist. Tilfinningar hennar voru því blendnar.

> Við hlýðum á hennar sögu, sendum fólk á svæðið og við munum gera kröfu vegna vinnu hennar. Það er mikil vinna fram undan.
>
> Halldóra Sveinsdóttir, formaður Bárunnar

Hún var sótt á fund til stéttarfélagsins í gær og næsta skref verður að afla gagna í málinu. „Við hlýðum á hennar sögu, sendum fólk á svæðið og við munum gera kröfu vegna vinnu hennar. Það er mikil vinna fram undan,“ segir Halldóra Sveinsdóttir formaður Bárunnar stéttarfélags. „Stéttarfélögin eru mikið í þessu ferli, að reikna út kröfur og innheimta en það girðir því miður ekki fyrir síendurtekin brot hjá sömu aðilum. Annars vegar eru þetta aðilar með einbeittan brotavilja eða ákveðin vanþekking sem auðvelt er að vinna með,“ segir hún og dregur málið saman.

„Í hennar tilfelli þá kemur fram að hún vinnur í 10-12 klukkustundir á dag og fær greiddar fjórutíu til sextíu þúsund krónur á mánuði. Hún er ekki með ráðningarsamning. Hún er réttlaus, ótryggð og einangruð. Hún var háð þeim með húsaskjól og það er spurning hvernig var með aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Þetta mál þarfnast frekari skoðunar og gæti flokkast undir þrælkun. Það eru alltaf að koma upp ný og ný mál sem fær mann til þess að velta fyrir sér umfangi þessa.“ **– kbg**




mazda

Við frumsýnum fjórðu kynslóð Mazda MX-5, vinsælasta blæjubíl heims. Nýr Mazda MX-5 er byggður á firna sterkum rótum forvera síns og hefur allt sem þessi goðsögn innan sportbílaheimsins er þekkt fyrir og meira til.

Aksturseiginleikar Mazda MX-5 eru frábærir, það verður ást við fyrstu beygju. Mazda MX-5 steinliggur á veginum. Viðbragðið er næmt, gírskiptingin er snögg, þyngdarpunkturinn er lágur og vélarnar eru sprækar.

Nýr Mazda MX-5 sópar að sér verðlaunum. Hann var valinn heimsbíll ársins World Car of the Year 2016 og einnig hlaut hann hönnunarverðlaunin World Car Design of the Year. Sá fyrsti með báða titlana. Sestu við stýrið á Mazda MX-5 og þú færð umsvifalaust réttu tilfinninguna fyrir veginum. Ekki bíða lengur en þú þarft, láttu drauminn rætast.

*Komdu og sjáðu goðsögnina Mazda MX-5*

Nýr vefur

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

## FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

# Auðvelt að daga uppi í gistiskýlinu

**Sveinn Allan Morthens, forstöðumaður gistiskýlisins, segir engan utangarðsmann í borginni svelta. Þjónustan sé góð. Hins vegar þurfi að valdefla fólk, hvetja það til að taka ábyrgð á sér sjálft. Það gangi ekki að aðrir taki alla ábyrgð, þó að til sé fólk sem ekki er sjálfrátt.**

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is
Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is



Það er ekki gott að safna saman stórum hópi veikra einstaklinga sem eru ekki í bata. Þetta er erfiður vettvangur til að lifa,“ segir Sveinn Allan Morthens, forstöðumaður gistiskýlis fyrir utangarðsmenn við Lindargötu. Hér eftir kallaður Allan. Reykjavíkurborg tók við rekstri gistiskýlisins síðastliðið sumar af Samhjálp.



Sveinn Allan Morthens, forstöðumaður Gistiskýlisins við Lindargötu, vill að menn greiði lítilræði fyrir gistingu og mat. Þannig fái þeir meiri reisn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Gistiskýlið ekki ætlað til búsetu.**
„Þetta er neyðarskýli. Ég heyrði síðast í gærmorgun hjá manni sem var að tala við félaga sína þegar hann sagði við þá, ég er ósköp slappur, held ég verði heima í dag. Þó þetta sé ekki heimili þá líta margir á þetta sem slíkt. Það er ekki gott.“

Allan var kominn á eftirlaun þegar hann var beðinn um að taka við rekstri skýlisins og sló til. Skýlið er einvörðungu fyrir karlmenn. Þar starfa á vöktum níu starfsmenn.

„Ekki veitir af. Þegar þrjátíu menn safnast saman í neyslu, alkóhóli og vímuefnum, getur verið kátt í höllinni,“ segir Allan og hlær. Hann hefur mikla reynslu af meðferðarmálum og rak m.a. Háholt í fjölda ára. Hann vill sjá breytingar í málefnum utangarðsfólks. Neyðarskýli sé ekki lausnin.

„Gistiskýlið er alltaf fullt. Við höfum þurft að vísa mönnum frá undanfarið. Við losnuðum að mestu við það í vetur, en nú þegar vorið er að koma, þá fara þessir menn líka á stjá.“ Í skýlinu eru 25 rúm auk fjögurra dýna og þannig pláss fyrir 29 menn.

**Fólk taki sjálft ábyrgð**
Almennt segir Allan þjónustuna við utangarðsfólk góða, en ekki nægilega markvissa. „Mér finnst vanta að fólk taki ábyrgð á eigin lífi, það sé valdeflt. Ég myndi vilja sjá að allir greiddu lítilræði fyrir gistingu í skýlinu. Þarf ekki að vera stór upphæð – kannski 500 krónur fyrir gistingu og mat. Þá gætu menn sagt, ég borga fyrir minn mat og gistingu. Menn myndu bera ábyrgð á sér, það væri meiri reisn yfir því. Þá væri auðveldara að taka skrefin áfram inn í herbergisleigu eða íbúð. Ég held það skipti máli. Valdefling er ekki fólgin í því að setja menn í bómull og tryggja að þeir verði ekki fyrir neinu hnjaski í sinni neyslu.“

*Erum við að viðhalda neyslu manna?* „Örugglega í einhverjum tilvikum. Viðkomandi fær ókeypis mat og gistingu. Getur notað allt sitt fé í neyslu. Þó hann sé veikur og ekki sjálfrátt þá er þetta ekki valdefling. Þarna er verið að taka ábyrgðina af viðkomandi, færa hana yfir á aðra og hann getur verið áfram í sínu rugli. Það er ekki nokkrum manni til góðs.“

Mikilvægt sé að leggja áherslu á hjálp til sjálfshjálpar. „En svo eru til einstaklingar sem eru svo veikir að þeir eru ófærir um að nýta sér svona. Við eigum að halda vel utan um þá.“

**Karlmenn, feður, synir og afar**
Allan segir hópinn sem sækir gistiskýlið ekki einsleitan. „Þetta eru karlmenn, feður, synir, afar og guð má vita hvað. Venjulegt fólk í upphafi en síðan fara þeir út af sporinu. Þetta er fólk í neyslu yfirleitt. Sumir eiga við geðrænan vanda að stríða. Menn sem einhverra hluta vegna hefur ekki tekist að fóta sig. Þeir eru á öllum aldri, við höfum reynt að stoppa það að yngstu strákarnir séu að koma í gistiskýlið en almennt er þetta frá aldrinum 22 ára og upp í hálf áttræða menn. Þegar menn eru orðnir þetta gamlir og lifa svona lífi, þá gefur líkaminn sig. Það fylgir þessu hræðilega líferni.“

Að stærstum hluta sé þetta sami hópurinn. „Það eru menn sem hafa verið þarna jafnvel áratugum saman. En því miður eru alltaf einhverjir nýir að detta inn. Okkar hugmynd er að breyta þessu. Fara frá því að vera með stórt gistiskýli í það að vera með íbúðir og herbergi.“

**Þeir þurfa eigið húsnæði**
Reykjavíkurborg samþykkti áætlun í málefnum utangarðsfólks árið 2014. „Við erum að gera framkvæmdaáætlun sem rímar við pólitísku stefnuna sem er þverpólitísk, fagleg og flott. Við erum að elta önnur lönd í Evrópu. Það sem þarf til að efla einstakling í þessari stöðu er að hann komist í húsnæði – ekki neyðarskýli heldur eigið húsnæði. Það er meginforsenda þess að eitthvað jákvætt geti fylgt á eftir. Þessi hugmyndafræði nefnist „housing first,“ sem þýðir að við setjum upp íbúðir fyrir einstaklinga. Við byrjum varlega en erum að tala um íbúðir í almennu húsnæði, a.m.k. fyrir flesta. Þá er hugsunin að vettvangs- og ráðgjafateymi, sem borgin hefur komið upp og samanstendur af sex sérfræðingum, fylgi þessu fólki eftir með reglulegum heimsóknum og ráðgjöf.“

*Er markmiðið að gera fólk edrú?*

„Ekki endilega. Sumir vilja ekki verða edrú, flestir vilja það samt. Þetta er fyrsta skrefið í þá átt. Borgin hefur þegar tekið ákvörðun um að fara af stað með fjórar íbúðir. Það er verið að skoða hvar þær eigi að vera svo þessu sé ekki þjappað saman öllu á einn stað. Síðan skipuleggjum við þjónustu í kringum þetta. Í þessu felst valdefling og það að menn fara að taka ábyrgð á sér sjálfir. Um leið og menn eru komnir í þá stöðu að þurfa að bera ábyrgð á sér sjálfir, þá gera það langflestir.“

Hann segir nefnilega auðvelt að daga uppi í gistiskýlinu.

„Ég hef stundum orðað það svo að kannski er gistiskýlið stærsti þröskuldurinn í því að ná árangri. Við erum að taka inn 30 einstaklinga í ókeypis húsnæði, kvöldmat og morgunmat. Fara í Samhjálp eða Hjálpræðisher og borða frítt í hádeginu. Þetta fólk hefur framfærslu eins og aðrir sem eru á félagslegri eða fjárhagslegri aðstoð hjá borginni. Það fer allt í neyslu. Kannski erum við að viðhalda ástandi með því að taka af þeim ábyrgðina,“ útskýrir Allan en segir málið vandmeðfarið.

**Misskilin rómantík**
„Fólki finnst oft það megi ekki vera vondur við smælingjana, þá sem minna mega sín. Oft er það misskilin rómantík, eins og sorglega sagan með litlu stelpuna með eldspýturnar í ævintýrinu eftir H.C. Andersen. Að það sé sjarmi yfir þessu. Maður verður var við það oft á tíðum að blöðin ganga inn í það hlutverk að segja frá hvað illa sé farið með utangarðsmenn. Það er ekki þannig,“ útskýrir hann.

„Auðvitað getur eitthvað komið upp, menn lent út af sporinu og ekki fengið þjónustu. En ég fullyrði að í Reykjavík er enginn utangarðsmaður sem þarf að svelta. Það er ókeypis matur úti um allt. Það er enginn sem ekki fær inni yfirleitt. Ég fullyrði líka að við gætum stækkað þetta gistiskýli upp í sextíu pláss. Það væri samt fullt.“

**Erfitt að greina menn í neyslu**
Allan segist ýmsu vanur, en að auðvitað komi upp aðstæður þar sem eru átök. „Þetta er veikt fólk. En við höfum þá reglu að kalla til lögreglu, sem er viðbragðsfljót ef skapast hættuástand. Við erum með einstaklinga sem eru oft tvígreindir – sumir ekki greindir en samt að glíma við geðrænan vanda. Þetta getur verið býsna töff stundum.“

*Á heilbrigðiskerfið ekki að taka á móti þeim einstaklingum?*

„Jú, en þar flækist málið. Heilbrigðiskerfið getur ekki tekið inn fólk sem ekki hefur fengið greiningu. Til þess að fá greiningu þurfa þeir að vera edrú í sex mánuði, svo greining sé marktæk. Þetta er vítahringur. Þeir ná sjaldnast svo löngum edrútíma. Þá vill það henda að þeir lenda hjá okkur. Samstarfið við heilbrigðisþjónustuna er samt gott. Það sama er uppi á teningnum með heilsugæslu. Þessir menn sækja ekki slíka þjónustu fyrr en of seint. Þá er oft komið upp ástand þar sem þeir þurfa stórar aðgerðir eða innlagnir í dýr legurúm í stað þess að þjónusta sé veitt jafnóðum. Við erum að vinna í því að bæta þetta.“

> Valdefling er ekki fólgin í því að setja menn í bómull og tryggja að þeir verði ekki fyrir neinu hnjaski í sinni neyslu.

**Skilja ekki meðferð á íslensku**
Um 40-50 prósent þeirra sem sækja gistiskýlið eru af erlendu bergi brotnir. Í mörgum tilvikum einstaklingar sem komu til landsins fyrir hrun til að vinna en duttu af vinnumarkaði. Flestir eru frá Póllandi.

„Það er hópur sem er búinn að búa hér svo lengi að þeir hafa sama rétt og Íslendingar. Þar erum við í vanda. Við fengum pólskan ráðgjafa til að vera hjá okkur sem mannréttindaskrifstofa borgarinnar lagði til. Þetta skiptir máli. Þeir geta ekki valið að fara í meðferð með sama hætti og við. Meðferð t.d. hjá SÁÁ, sem hafa sannarlega tekið við þeim, er öll á íslensku. Það er erfitt að ganga í gengum meðferð og skilja ekki málið. Þetta er eitthvað sem þyrfti að vera í lagi til þess að þessir menn ættu sömu möguleika á að velja sér edrúmennsku.“

Allan segir fjármagnið ekki vanta. Reykjavíkurborg leggi hálfan milljarð í málefni utangarðsfólks. Málin séu í eðli sínu þung, því þarna séu menn langt leiddir af fíknivanda. „Þó það sé trú mín almennt að menn vilji ekki vera fíklar, missa stjórnina á sínu lífi er samt oft erfitt að ná þeim upp. Það má ekki gleyma því að þessir menn hafa nánast allir verið oftar en einu sinni í meðferð. Einhverra hluta vegna ná þeir ekki tökum. Þetta er erfið staða.“

Eins og kom fram hefur Allan starfað í meðferðarmálum, með hléum, í tugi ára. Hann stofnaði m.a. Háholt, meðferðarheimili fyrir unglinga. Hann segir margt hafa breyst á öllum þessum tíma, síðan fyrstu heimilin voru sett á fót. „Ég held að skilningur fagmanna á fólki hafi aukist. Menn læra af mistökum. Það eru önnur vinnubrögð viðhöfð í dag en þegar ég var að byrja. En ég get fullyrt það að á þessum tíma vorum við að reyna að gera okkar besta. Þetta mátti samt vera betra. Eftirlitið í dag er t.d. allt annað og betra en það var.“

Hann segir að í þá daga hafi börn verið send á heimili fyrir litlar sakir. „Margt af því sem var gert myndi aldrei líðast í dag. Menn héldu að lausnin væri að senda börn út í sveit. Hugsunin t.d. með Breiðavík var að finna stað sem væri svo einangraður að það yrði engin hætta á því að unglingarnir myndu strjúka. Þetta myndi engum detta í hug í dag.“

Hann segist ekki í vafa um að áföll og erfiðar aðstæður spili rullu í fíknisjúkdómum. „Maður getur kannski ekki fullyrt það en nánast allir krakkar sem ég hef rætt við í gegnum tíðina hafa lent í áföllum eða að öðrum kosti lent í erfiðleikum.“

*Þetta hlýtur að taka á ykkur sem í þessu starfið. Færðu aldrei nóg?*

„Þetta er spurning um að hugsa vel um sig. Annars er hættan á að maður detti inn í meðvirkni og hugsi, aumingjarnir – hvað þeir eiga bágt. Fari svo heim og brenni út á örskammri stundu. Maður þarf handleiðslu. Ég bý svo vel að með mér starfar afbragðsfólk. Við ræðum svona hluti. Við erum oft að mæta erfiðum aðstæðum. Þá er nauðsynlegt að geta talað um það. Við reynum að fylgjast hvert með öðru. Svo verða kraftaverkin. Ég held að þau séu ekki síður mikilvæg fyrir starfsfólkið. Oft verða kraftaverkin þar sem maður síst myndi ætla. Menn rísa upp til nýs lífs. Það er gaman að sjá það.“

**visir.is** Viðtalið má hlusta á í lengri útgáfu á Vísi, í hlaðvarpinu Föstudagsviðtalið.



UEFA EURO2016 FRANCE
Við förum öll á EM2016
með Símanum
6.900 kr.
Tryggðu þér áskrift fyrir
31. maí til að styrkja þitt
knattspyrnufélag um 500 kr.
Pantaðu núna!
siminn.is/em2016
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Nýr tónn



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra ítrekaði hugmyndir sínar um auðlindasjóð á ársfundi Landsvirkjunar í gær. Hann kynnti hugmyndina upphaflega á sama vettvangi fyrir ári en skýrði nánari útfærslur og stöðu málsins á fundinum í gær. Í grófum dráttum er um að ræða sjóð sem hluti tekna af orkuauðlindum þjóðarinnar myndi renna í þegar vel árar en hægt væri að nýta fjármunina þegar illa áraði. Nokkurs konar varasjóður. Fyrirmynd norska olíusjóðsins gefur fögur fyrirheit.

Bjarni er raunar ekki að finna upp hjólið. Stofnun slíks sjóðs hefur oft verið lögð til af ýmsum nefndum, forseta Íslands, einstökum þingmönnum og mýmörgum fleirum. Í ræðu sinni sagði Bjarni að hann fyndi fyrir breiðum stuðningi á þingi við málið og að hann hefði lagt til að skipaðir verði hópar til að semja lagafrumvarp um sjóðinn. „Þetta er mál sem allir flokkar á Alþingi geta sameinast um og verið stoltir af að leggja grunn að fyrir komandi kynslóðir. Mál sem þetta verður að lifa ríkisstjórnir og byggja á sameiginlegum skilningi á því að hugsað er til langs tíma,“ sagði Bjarni.

Í ræðu fjármálaráðherrans kvað almennt við nokkuð breyttan tón. Bjarna var tíðrætt um nauðsyn þess að hugsa til langs tíma þegar kemur að nýtingu náttúruauðlinda, mikilvægi þess að fylgja þeirri umgjörð sem mótuð hefur verið með lögum og byggist á rammaáætlun og mati á umhverfisáhrifum og að ýtarleg umræða fari fram um þessi atriði til að stuðla að víðtækri sátt um skipan þessara mála. Hann sagði tilfinningarök hafa þótt léttvæg í umræðunni, en mikilvægt væri að slíkur hugsanaháttur verði ríkari. Hann sagði menn fara í skotgrafir en að langtímahugsun þurfi að verða mönnum eðlislægari. Þannig vandaði hann um fyrir bæði mönnum í hans eigin herbúðum sem teljast til virkjanasinna, sem og annarra sem flokka sig sem náttúruverndarsinna. Nýting auðlinda og náttúruvernd eru mál sem snerta okkur öll. Löggjöfin um rammaáætlun byggist jú á grunni, þar sem nýtingar- og verndunarkostir eru flokkaðir með faglegum hætti og það ætti ekki að vera stjórnmálanna að skipta sér af því ferli. Auk þess sagði Bjarni að samstaða væri um verndun hálendisins og benti á að aðrir kostir væru í boði til að byggja upp flutningsraforkukerfið en Sprengisandslína, sem komi fyrst til skoðunar.

Fréttir af því að auðlindasjóður hafi verið í undirbúningi um nokkurra mánaða skeið, pólitíska samstöðu og frumvarp handan við hornið eru gleðiefni. Slíkur sjóður, sem væri sérstaklega ætlaður til að jafna út sveiflur og styrkja efnahagslega stöðu landsins, er ekki aðeins góð hugmynd heldur nauðsynleg og skynsamleg. Von um frekari samstöðu þegar kemur að álitaefnum tengdum rammaáætlun er einnig gleðileg, sem og yfirlýsingum um að leitað verði allra leiða til að vernda hálendið.

Ræða fjármálaráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins í gær var hvorki stóryrt né háværð. En hún var samt sem áður merkingaþrungin og full fagurra fyrirheita.

**Nýting auðlinda og náttúruvernd eru mál sem snerta okkur öll.**

NÝTT OG BETRA APP
FBL
Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið í símanum eða spjaldtölvunni hvar og hvenær sem er.
Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
Download on the App Store
Get it on Google Play
Get it from Microsoft
FRÉTTABLAÐIÐ

## Halldór




## Frá degi til dags

**Dregið í land**

**Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokks minntist á það á Alþingi að í tíð síðustu ríkisstjórnar hefði Jóhanna Sigurðardóttir farið á svig við jafnréttislög. Nú hefur komið á daginn að umboðsmaður Alþingis ályktaði árið 2013 að málsmeðferð kærunefndar jafnréttismála hafi ekki verið í samræmi við lögbundið hlutverk nefndarinnar. Í kjölfar þess að úrskurðurinn var sendur til Ragnheiðar bað hún Jóhönnu afsökunar á orðum sínum á Facebook og hlaut lof fyrir.**

**Refsigleðin**

**Umboðsmaður Alþingis lýsti því yfir á nefndarfundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar að hann myndi ekki hefja frumkvæðisathugun á aðkomu fyrrverandi forsætisráðherra að nauðasamningunum. Hann benti jafnframt á að fjárhagur embættisins væri svo þröngur að embættið hefði varla bolmagn til að hefja frumkvæðisathuganir yfirleitt. Formaður Samfylkingarinnar fullyrti í framhaldi af þessu að það væri áberandi í fjárlögum fyrir þetta ár að stjórnarmeirihlutinn hafi lagt lykkju á leið sína til að refsa umboðsmanni Alþingis fyrir framgöngu í lekamálinu. Refsigleðin var þó ekki meiri en svo að framlög til embættisins jukust úr 174,5 milljónum í 209,7 milljónir frá 2015 til 2016. - snae, jhh**

**snaeros@frettabladid.is**

# Hvað hefði ég gert?



Hrannar Pétursson
forsetaframbjóðandi

Atburðir síðustu viku sýna að forseti Íslands gegnir mikilvægu hlutverki í stjórnskipan Íslands. Þeir sýna að forsetaembættið er ekki tildurembætti og það skiptir máli hver gegnir því.

Líkt og margir aðrir fylgdist ég náið með atburðunum sem urðu til þess að forsætisráðherra sagði af sér og ný ríkisstjórn var mynduð. Sem frambjóðandi til embættis forseta Íslands mátaði ég sjálfan mig í aðstæðurnar og hugleiddi hvernig ég hefði brugðist við í sporum forsetans. Niðurstaðan var þessi:

Málavextir og aðstæður í liðinni viku voru óvenjulegar. Aðdragandi Bessastaðaheimsóknar forsætisráðherra var óvenjulegur og svo virtist sem förin væri farin án samráðs við aðra. Samkvæmt forsetanum óskaði ráðherrann eftir heimild til að rjúfa þing og boða til kosninga, sem forsetinn hafnaði. Slíkt er óvenjulegt líkt og skyndifundur forseta með blaðamönnum að loknum fundi með forystumanni ríkisstjórnar.

Hafi forsetinn talið ráðherra umboðslausan er ákvörðun hans skiljanleg. Ef undirrituð þingrofsheimild átti að vera verkfæri í pólitískum átökum gerði forsetinn rétt. Það var eðlilegt að hann kannaði afstöðu annarra til þingrofs og sá yfirlýsti vilji hans, að halda forsetaembættinu fyrir utan pólitískar deilur, er skiljanlegur. Forsetinn fór hins vegar út af sporinu þegar hann stillti sér upp gegnt blaðamönnum til að ræða málið þegar ýmis efnisatriði og framvinda var óljós. Það var hvorki skynsamlegt né nauðsynlegt, jafnvel þótt ráðherrann hefði á leiðinni til Bessastaða stuðað forsetann með stöðufærslu á Facebook. Forsetinn á ekki að standa í opinberu orðaskaki við nokkurn mann og með skyndifundi sínum með heimspressunni olli hann meira umróti en annars hefði orðið.

Það er ekki hlutverk forsetans að uppfylla einstaka hagsmunatengdar óskir, hvorki sínar eigin né annarra. Hann á að veita Alþingi og ríkisstjórn aðhald og stuðla í leiðinni að samfélagslegu jafnvægi. Slíkt útheimtir bæði kjark til að taka ákvarðanir og styrk til að standast freistingar. Á hvort tveggja reyndi í liðinni viku, þar sem sitjandi forseti stóðst annað prófið en féll á hinu.

**Forsetinn fór hins vegar út af sporinu þegar hann stillti sér upp gegnt blaðamönnum til að ræða málið þegar ýmis efnisatriði og framvinda var óljós.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Stjórnmál og ofbeldi

Í DAG



Bergur Ebbi

Þeir sem stjórna landinu eru ekki ofbeldismenn. Á Íslandi láta menn ekki drepa pólitíska andstæðinga sína eða hóta fjölskyldum þeirra lífláti. Mér finnst ég þurfa að taka þetta fram til að sýna að ég er ekki heiftúðugur. Ég held að við áorkum litlu með því að líkja íslenskum stjórnmálamönnum við Pútín eða Stalín en ég vil samt velta fyrir mér stórum hugtökum í tengslum við það stjórnarfar sem við búum við. Ég vil velta fram spurningu.

Er landinu okkar stjórnað með ofbeldi? Þetta er reyndar góð og gild lögspekispurning og stutta svarið er já. Vald ríkisins er tryggt með einkarétti þess á setningu og framfylgd laga. Valdi sem er framfylgt með refsingu. Þetta er skólabókarsvarið og lítið spennandi við það. Spurningin er frekar. Koma stjórnmálamenn á Íslandi fram við þegna sína eins og eigendur þessa valds eða þjónar þess?

### Hvers vegna þessi harka?

Á öllum sviðum samfélagsins höfum við á undanförnum árum þurft að endurskoða hvað við teljum ofbeldi. Fyrir aðeins fáum áratugum taldist það vart nauðgun nema að marblettir sæjust vikum saman og aðeins konur voru þolendur slíkra glæpa. Þannig skilgreindi samfélagið þess konar ofbeldi. Fyrir aðeins nokkrum áratugum var einelti kallað stríðni, gerendurnir „hrekkjusvín“ og fórnarlömbin voru eiginlega ekki til. Þau voru bara vofurnar sem sigldu í gegnum lífið með lamað sjálfstraust og höfðu þess vegna lítið til málanna að leggja.

Í dag getur ofbeldi verið falið í orðum, útilokun eða kerfisbundinni niðurlægingu þó að engir sjáist marblettirnir. Sumir kalla þetta aumingjavæðingu eða tepruskap. Ofbeldi skal skilgreint sem, spörk, stungur og högg. Þannig eru línurnar hreinar, skilin skörp, ákvarðanir skýrar. Þannig er andrúmsloft hörkunnar. Með eða á móti, að duga eða drepast, að stinga eða vera stunginn. Ég held að fáir hugsi svona. Ég held að flestir búi yfir mýkt til að skynja að enginn vill lifa þannig lífi. Því miður er ofbeldi ekki jafn skýrt og klippt hugtak og harkan útheimtir. Það er hægt að beita fólk ofbeldi með orðum, með því að skilja útundan, með því að tala niður til þess. Ég held að í öllum lögum samfélagsins sé byrjað að úthýsa þessari hörku og farið að gefa henni nafn ofbeldis.

Nema í stjórnmálum.

### Kerfisbundin útilokun

Í stjórnmálum virðist það dyggðugt að skilja útundan og leyfa ekki þegnunum að fylgjast með. Alla mína ævi hefur fréttaflutningur af stjórnmálum, sem á köflum er æsilegur, snúist um að taka viðtal við kalla sem eru annaðhvort á leiðinni inn á fundi eða nýbúnir á fundum. Og alltaf er viðkvæðið það sama. Föðurlegur vandlætingarsvipur, menn stífir af ánægju yfir því að búa yfir upplýsingum sem aðrir, fjölmiðlar og þegnar landsins, vilja fá.

Hver var niðurstaða fundarins? „Það kemur í ljós.“ Hvað viltu segja okkur um samstarfið? „Hér hefur margt verið rætt.“

Er ég að aumingjavæða samfélagið ef ég kalla þetta ofbeldisfullt fyrirkomulag? Er ég aktivisti, kommúnisti eða bara ekki nógu gáfaður til að skilja stjórnmál? Eða er ég bara að reyna að finna einhverja leið – einhverja smugu – til að orða á nýjan hátt það sem stjórnmálastéttin virðist ekki skilja. Að í öllum öðrum lögum samfélagsins lætur fólk ekki bjóða

**Í stjórnmálum virðist það dyggðugt að skilja útundan og leyfa ekki þegnunum að fylgjast með. Alla mína ævi hefur fréttaflutningur af stjórnmálum, sem á köflum er æsilegur, snúist um að taka viðtal við kalla sem eru annaðhvort á leiðinni inn á fundi eða nýbúnir á fundum. Og alltaf er viðkvæðið það sama. Föðurlegur vandlætingarsvipur, menn stífir af ánægju yfir því að búa yfir upplýsingum sem aðrir, fjölmiðlar og þegnar landsins, vilja fá.**

sér svona viðmót. Ekki á vinnustöðum, ekki innan fjölskyldna, ekki í skólastofum.

### Þegar landið var tekið í gíslingu

Ég tel að þessi þjóð hafi raunar haft gott af því sem gerðist hér á Íslandi dagana 3. til 5. apríl þegar fyrrverandi forsætisráðherra þjóðarinnar sýndi okkur hvar lokavígin liggja. Þau liggja nefnilega ekki í regluverkinu. Það voru hvorki lög né stjórnarskrá sem stoppuðu ráðherrann frá því að halda völdum. Á endanum var það bara kjötfjall fréttamanna sem nánast hindraði honum inngöngu í ráðherrabílinn, mannmergðin fyrir utan vinnustaðinn og pressan sem fylgir því að leika einleik gegn meirihluta þjóðar. Það var kjötlykt af þessu – þetta var andrúmsloft aflsmuna, vöðva og ofbeldis. Nú getum við hætt að tipla á tám þegar talað er um valdabaráttuna milli almennings og stjórnvalda. Hún er raunveruleg, hún er áþreifanleg og almenningur er mun vopnaðri en hann hefur áður talið.

Og til að gæta sanngirni, þá tel ég að hluta hörkunnar megi rekja til einmitt þess. Almenningur hefur sannarlega skilað skömminni af vondu stjórnarfari þangað sem hún á heima. Stjórnmálamenn eru uppnefndir, úthrópaðir, taldir heimskir, ruglaðir, geðveikir, klikkaðir og asnalegir. Mjúka fólkið er flest horfið úr stjórnmálum– hinir sitja eftir og láta skammirnar dynja á sér. Álagið eykst, svefninn minnkar, ræðurnar verða harðari, árásirnar grimmari. „No comment,“ segja þeir og strunsa á næsta fund og eru svo áfram skammaðir og mímaðir á netinu og sagðir skrítnir í framan, í ljótum fötum, með ömurlegt hár, skegg eða rödd. Þetta er aðferð margra til að takast á við bjargarleysið – vonleysið – sem fylgir því að vera útilokaður. En auðvitað skilar þetta engu nema aukinni hörku.

### Orrustan vannst, stríð er óþarft

Ég veit sjálfur hvernig mitt hjarta slær. Ég tel verulega hallað á hagsmuni almennings í stjórnfari Íslands og mér hefur lengi fundist það. En að þessu sinni, í fyrsta skipti líklega, tel ég ekki þörf á að kenna neinum um það. Mér finnst eins og allir aðilar séu nú búnir að hnykla vöðvana nóg og að það sé kominn tími á að stjórna þessu landi með vitsmunum í stað aflsmuna. Hin leiðin er komin í þrot og stjórnmálamenn ættu líka að vita að ef aflsmunir einir ráða för þá tapa þeir alltaf.

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




**ŠKODA Rapid** kemur skemmtilega á óvart, bæði í akstri og viðmóti. Hreinar línur, nýtt aflmikið yfirbragð og tímalaus fágun gera Rapid að frábærum kosti. Komdu í reynsluakstur og snertu á framtíðinni.

Verð frá aðeins
**2.940.000 kr.**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**www.skoda.is**

## Ótrúlegt Evrópukvöld á Anfield



**Innlifun** Jürgen Klopp, knattspyrnustjóri Liverpool, fagnar ógurlega eftir að hans menn tryggðu sér sæti í undanúrslitum Evrópudeildarinnar eftir ótrúlegan 4-3 sigur á hans gamla liði, Borussia Dortmund, á Anfield. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Afar mikill viðbúnaður vegna hryðjuverkaógnar á EM

**Öryggisgæslan í kringum Evrópumótið í knattspyrnu er gríðarlega umfangsmikil að sögn Víðis Reynissonar, öryggisfulltrúa KSÍ. Undirbúningur öryggismála í tengslum við landsliðið hefur staðið yfir síðan í haust.**

**FÓTBOLTI** Öryggi þeirra sem koma að Evrópumótinu í knattspyrnu í Frakklandi í sumar hefur verið til mikillar umræðu í aðdraganda keppninnar, ekki síst í ljósi hryðjuverkanna sem voru framin í París í haust og Brussel fyrr í vetur.

Víðir Reynisson er öryggisfulltrúi Íslands á EM í sumar en mótið hefst 10. júní og stendur yfir í einn mánuð. Íslenska A-landslið karla er að taka þátt í sínu fyrsta stórmóti frá upphafi og segir Víðir að umfangið í öryggisgæslu mótsins sé ekki nokkru líkt því sem Íslendingar hafa kynnst áður.

„Við höfum átt keppendur á Ólympíuleikum og landslið á stórmótum í öðrum greinum. En ég tel að íslenskt íþróttafólk hafi ekki kynnst öðru eins í líkingu við það sem við munum upplifa í Frakklandi í sumar,“ sagði Víðir við Fréttablaðið í gær. Hann mun í dag halda til Frakklands að funda með frönsku lögreglunni og rýna í smáatriði sem lúta að dagskrá íslenska knattspyrnulandsliðsins í Frakklandi í sumar.

### Hryðjuverkin breyttu litlu

Víðir og fulltrúar KSÍ hafa fundað reglulega með mótshöldurum og frönskum yfirvöldum síðan í haust um öryggismál. Frá fyrsta degi var ljóst að gríðarlega mikið umfang er með starfseminni og allt gert til að tryggja öryggi allra þeirra sem sækja mótið í sumar.

Hann segir að hryðjuverkin í París og Brussel hafi í raun litlu breytt um öryggisaðgerðir á mótinu og undirbúning. „Hryðjuverkaógnin var alltaf hluti af áhættunni. Frakkarnir gerðu alltaf ráð fyrir henni í sínum plönum,“ segir hann.

„Eftir hryðjuverkin sem við urðum vitni að í vetur voru allar áætlanir endurskoðaðar en í raun var komist að sömu niðurstöðu. Hryðjuverkaógnin var alltaf til staðar og er enn.“

Fyllsta öryggis verður gætt í kringum leikmenn og starfsmenn keppnisliðanna, sem og áhorfenda á leikdögum. En í hverri borg sem hýsir leiki verða sérstök svæði afmörkuð fyrir almenning sem getur fylgst með leikjum á risaskjáum – svokölluð Fan Zone.

„Það verður afar umfangsmikil öryggisgæsla í kringum alla opinbera viðburði sem eru haldnir í tengslum við mótið – ekki bara leikina sjálfa,“ segir Víðir.

### Tímafrekt að komast á völlinn

Fjölmargir Íslendingar munu leggja leið sína til Frakklands til að styðja við strákana okkar. Víðir segir að það verði ný reynsla fyrir langflesta þeirra að komast á leikina.

„Á Íslandi erum við vön því að geta mætt á völlinn nokkrum mínútum fyrir leik en það er ljóst að það mun taka mun meiri tíma í Frakklandi. Það mun taka töluverðan tíma að fara í gegnum öll öryggisatriði. Bæði verður þess gætt að menn komist ekki inn með falsaða miða og ekki í leyfisleysi,“ segir Víðir og bætir við að ítarlegar leiðbeiningar verði gefnar út til stuðningsmanna um þessi mál innan skamms.

Meðal þess sem hefur borið á góma í kjölfar hryðjuverkanna er sá möguleiki að leikir fari fram fyrir luktum dyrum, sé hryðjuverkaógn yfirvofandi. Víðir telur það afar ósennilegan möguleika.

„Mér finnst þetta skrýtin umræða án þess að ég viti sérstaklega hvað menn hafi fyrir sér í þessum málum. Ég veit ekki hvað ætti að verða til þess að menn telji betra að spila fyrir luktum dyrum og hafa þá tugþúsundir áhorfenda á öðrum stöðum að horfa á leikinn,“ segir Víðir og bendir á að hryðjuverkamenn reyndu að komast inn á þjóðarleikvang Frakka þar sem heimamenn mættu Þjóðverjum í vináttulandsleik þann 13. nóvember sl.

„Þá reyndu þessir menn að koma sér inn á völlinn en tókst ekki.“

**eirikur@frettabladid.is**

> Það verður afar umfangsmikil öryggisgæsla í kringum alla opinbera viðburði sem eru haldnir í tengslum við mótið.
>
> Víðir Reynisson



### Franska lögreglan stýrir aðgerðum

Franska lögreglan mun hafa yfirumsjón með öllum öryggisaðgerðum fyrir íslenska landsliðið, í nánu samstarfi við KSÍ. Öryggisfulltrúinn Víðir Reynisson vildi þó ekki segja nánar frá því að svo stöddu hvernig staðið yrði að öryggisgæslunni.

„Ég vil ekki fara út í nein smáatriði en lögreglan hefur yfirumsjón með aðgerðunum og fær einkafyrirtæki, líkt og Securitas, til aðstoðar,“ segir Víðir.

Íslenska landsliðið verður í smábænum Annecy á afskekktu hóteli í útjaðri bæjarins. „Staðsetningin og aðkoman að hótelinu er góð hvað öryggið varðar. Ég á ekki von á öðru en að þægindin verði í fyrirrúmi fyrir strákana enda miðar öll okkar vinna að því að fótboltinn verði aðalatriði og að öryggismál trufli ekki þá dagskrá sem hefur verið hönnuð fyrir liðið.“

## Nýjast

**Evrópudeild, 8 liða úrslit**

**Liverpool - Dortmund 4-3**
0-1 Henrikh Mkhitaryan (5.), 0-2 Pierre-Emerick Aubameyang, 1-2 Divock Origi (48.), 1-3 Marco Reus (57.), 2-3 Philippe Coutinho (66.), 3-3 Mamadou Sakho (78.), 4-3 Dejan Lovren (90+1).
***Liverpool fer áfram, 5-4 samanlagt.***

**Shakhtar - Braga 4-0**
1-0 Darijo Srna, víti (25.), 2-0 Ricardo Fereira, sjálfsmark (43.), 3-0 Viktor Kovalenko (50.), 4-0 Fereira, sjálfsmark (73.).
***Shakhtar fer áfram, 6-1 samanlagt.***

**Sparta Prag - Villarreal 2-4**
0-1 Cédric Bakambu (5.), 0-2 Samuel Castillejo (43.), 0-3 David Lafata, sjálfsmark (45+1), 0-4 Bakambu (49.), 1-4 Bořek Dočkal (65.), 2-4 Ladislav Krejčí (71.).
***Villarreal fer áfram, 6-3 samanlagt.***

**Sevilla - Athletic 1-2**
0-1 Artiz Aduriz (57.), 1-1 Kevin Gameiro (59.), 1-2 Raúl García (80.).
***Sevilla vann í vítaspyrnukeppni, 5-4, og er komið áfram.***

**Olís-deild karla, 8-liða úrslit**

**Haukar - Akureyri 33-24**
**Markahæstir:** Hákon Daði Styrmisson 10/2, Adam Haukur Baumruk 9 - Bergvin Þór Gíslason 5, Andri Snær Stefánsson 4, Kristján Orri Jóhannsson 4, Hörður Másson 4.

**Valur - Fram 30-28**
**Markahæstir:** Ómar Ingi Magnússon 8/2, Guðmundur Hólmar Helgason 7, Sveinn Aron Sveinsson 5 - Garðar B. Sigurjónsson 7/5, Þorgrímur Smári Ólafsson 7.

**Afturelding - FH 23-22**
**Markahæstir:** Árni Bragi Eyjólfsson 6/4, Jóhann Gunnar Einarsson 5, Jóhann Jóhannsson 4 - Ásbjörn Friðriksson 5, Einar Rafn Eiðsson 5/3.

**ÍBV - Grótta 32-27**
**Markahæstir:** Theodór Sigurbjörnsson 10/4, Agnar Smári Jónsson 7 - Finnur Ingi Stefánsson 11/3, Daði Laxdal Gautason 7.

> Að vilja taka 50 skot í sínum síðasta leik lýsir Kobe ágætlega. Það þarf smá klikkun í það. Klikkun sem hefur skilað honum þetta langt.
>
> Hlynur Bæringsson
> @HlynurB

ÍSLAND Í ERFIÐUM RIÐLI
Íslenska karlalandsliðið í handbolta datt ekki í lukkupottinn þegar dregið var í riðla í undankeppni EM 2018 í morgun. Ísland verður í riðli með Tékklandi, Makedóníu og Úkraínu en tvö lið af fjórum komast í lokakeppnina í Króatíu. Íslendingum hefur gengið ágætlega með Makedóna á undanförnum árum en steinlágu fyrir Tékklandi, 36-25, á HM í Katar í fyrra. Ísland hefur ekki mætt Úkraínu frá því það tapaði óvænt í leik liðanna á HM 2007 í Þýskalandi.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.40 | KR - Njarðvík | Sport |
| 18.40 | Hull - Wolves | Sport 3 |
| 18.50 | KR - Keflavík | Sport 2 |
| 19.00 | RBC Heritage | Golfstöðin |
| 21.10 | Körfuboltakvöld | Sport |
| 04.00 | F1: Æfing - Kína | Sport |
| 19.30 | Fylkir - Haukar | Fylkishöll |
| 19.30 | Fjölnir - HK | Dalhús |
| 19.30 | Selfoss - Þróttur | Fylkishöll |

# Tíu ár síðan Njarðvík vann í Vesturbæ

**KÖRFUBOLTI** Annað árið í röð mætast KR og Njarðvík í hreinum úrslitaleik um sæti í úrslitaeinvígi Domino´s deildar karla í körfubolta og líkt og í fyrra fer leikurinn fram á föstudagskvöldi í DHL-höllinni. Leikur kvöldsins hefst klukkan 19.15 og verður sýndur beint á Stöð 2 Sport.

Suma er eflaust enn að dreyma oddaleikinn í fyrra sem KR vann eftir tvær framlengingar þrátt fyrir 52 stig frá Stefan Bonneau. Ætli Njarðvíkingar í lokaúrslitin í fyrsta sinn í níu ár þá þurfa þeir að gera það sem engu liði hefur tekist í þrjú ár og þeim sjálfum hefur ekki tekist í heilan áratug. KR-ingar hafa unnið Íslandsmeistaratitilinn undanfarin tvö ár og töpuðu síðast seríu í úrslitakeppninni á móti Grindavík fyrir þremur árum.

Njarðvíkingar hafa jafnað einvígið í tvígang með endurkomusigrum í Ljónagryfjunni en þeir hafa tapað báðum leikjum sínum í DHL-höllinni. Þetta er í raun að spilast eins og í fyrra sem ætti að lofa góðu fyrir leik kvöldsins sem var frábær skemmtun. Það þarf að fara alla leið til 3. apríl 2006 til að finna Njarðvíkursigur í DHL-höllinni en þá slógu Njarðvíkingar KR út úr undanúrslitum úrslitakeppninnar á leið sinni að þrettánda og síðasta Íslandsmeistaratitli sínum.

Síðan þetta mánudagskvöld fyrir tíu árum hafa Njarðvíkingar tapað 19 leikjum í röð í Vesturbænum.

Njarðvíkingar töpuðu í tvíframlengdum fyrsta leik í þessu undanúrslitaeinvígi en áttu síðan fá svör í 18 stiga tapi í þriðja leiknum. Þetta voru því mjög ólíkir leikir sem hafa farið fram í DHL-höllinni í þessu einvígi liðanna. **– óój**



**Njarðvíkingurinn Haukur Helgi Pálsson og KR-ingurinn Brynjar Þór Björnsson verða mikilvægir fyrir sín lið í oddaleiknum í DHL-höllinni í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Óvissa hvort Pavel verður orðinn leikfær í kvöld.**

## Öll augu á kálfa Pavels

**KÖRFUBOLTI** Pavel Ermolinskij, leikstjórnandi KR, meiddist á kálfa í upphitun fyrir leik Njarðvíkur og KR í Ljónagryfjunni á miðvikudagskvöldið og er mikil óvissa um hvort hann verið leikfær í kvöld þegar liðin mætast í hreinum úrslitaleik um sæti í lokaúrslitum.

KR-ingar byrjuðu leikinn án Pavels með því að lenda 14-0 undir í Ljónagryfjunni og töpuðu síðan seinni hálfleiknum með fjórtán stigum.

Pavel var í sjúkraþjálfun í gær og í dag en þetta er ekki í fyrsta skiptið sem hann glímir við kálfameiðsli. Hvort KR-ingar taki áhættuna með að spila honum kemur væntanlega ekki í ljós fyrr en rétt fyrir leik en það eru náttúrulega bara 48 tímar á milli leikjanna. **- óój**



**Stephen Curry er að eiga sögulegt tímabil í NBA-deildinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Bætti sig meira en Larry Bird

**KÖRFUBOLTI** Stephen Curry og félagar í Golden State Warriors bættu met Chicago Bulls frá 1995-96 þegar liðið vann sinn 73 leik í fyrrinótt.

Curry skoraði 46 stig og 10 þrista í lokaleiknum og skoraði því meira en 30 stig að meðaltali í leik og fleiri en 400 þrista á tímabilinu. Curry var kosinn besti leikmaður NBA í fyrra og fær nær örugglega þau verðlaun aftur í ár.

Með því að bæta stigaskor sitt um 6,3 stig milli tímabila (frá 23,8 í 30,1) þá bætti hann met Larry Bird frá 1984-85. Bird var valinn bestur 1983-84 þegar hann skoraði 24,2 stig í leik en hann hækkaði meðalskor sitt upp í 28,7 stig tímabilið á eftir þegar hann var aftur kosinn bestur. **– óój**



## Merkisatburðir

**1638** Síðustu leifar Shimabara-uppreisnarflokksins í Japan eru sigraðar af her sjógunsins.
**1683** Kristján 5., konungur Danmerkur skrifar undir Dönsku lögbókina.
**1687** Norsku lög Kristjáns 5. eru lögtekin.
**1785** Skálholtsskóli er lagður niður og biskupsstóll fluttur til Reykjavíkur samkvæmt úrskurði konungs.
**1803** Reykjavík verður sérstakt lögsagnarumdæmi. Fyrsti bæjarfógetinn er Rasmus Frydensberg.
**1892** Fyrirtækið General Electric er stofnað í Bandaríkjunum.
**1912** Farþegaskipið Titanic sekkur í fyrstu ferð sinni frá Englandi til Bandaríkjanna eftir árekstur við ísjaka suðaustur af Nýfundnalandi. 2.200 eru um borð en aðeins 700 komast af.
**1930 Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, er fædd á þessum degi.**
**1960** Heildverslunin Íslensk-ameríska er stofnuð á Íslandi.
**1967** Um 250 þúsund Bandaríkjamenn mótmæla Víetnamstríðinu í New York í Bandaríkjunum.
**1977** Jón L. Árnason verður Íslandsmeistari í skák aðeins sextán ára gamall.
**1990** Mikið hættuástand skapast þegar eldur kemur upp í ammoníakstanki Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi. Eldurinn er fljótlega slökktur.
**1994** Umbjóðendur 124 ríkja auk ESB-ríkjanna skrifa undir Marrakess-samninginn sem kveður á um grundvallarbreytingar á GATT-samningnum og stofnun Alþjóða viðskiptastofnunarinnar.





Ástkær eiginkona, móðir og amma.
**Guðný Indriðadóttir**
Dalbraut 14, Reykjavík,
lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli laugardaginn 9. apríl síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 19. apríl kl. 15.00.

**Halldór Jónsson** **Jóhanna Björk Halldórsdóttir**
**Davíð Bjarki Jóhönnuson**



Útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,
**Gísla Grímssonar**
frá Vestmannaeyjum,
sem lést þriðjudaginn 29. mars síðastliðinn, verður gerð frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 16. apríl kl. 14.00.

**Bjarney Erlendsdóttir**
**Erla Gísladóttir** **Kristinn Grímsson**
**Grímur Gíslason** **Guðrún Hjörleifsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Ólafur Árni Thorarensen**
kaupmaður á Siglufirði,
lést á Sjúkrahúsi Siglufjarðar þriðjudaginn 12. apríl.

**Ólafur Thorarensen**
**Ragnar Thorarensen** **Sigríður Axelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Yndislega mamma okkar,
**Erla Kristjánsdóttir**
Grundargili, Reykjadal, S-Þing.,
lést á dvalarheimilinu Hlíð, fimmtudaginn 7. apríl.
Jarðarförin fer fram frá Einarsstaðakirkju laugardaginn 16. apríl kl. 14.00.

**Óskar Óli Jónsson** **Ingólfur Ingólfsson**
**Kristján Jónsson** **Erla Sigurðardóttir**
**Lilja Sigríður Jónsdóttir** **BingCui Qi**
**Guðný Jónsdóttir** **Gísli Sverrisson**
**Kári Ragnarsson**
**og aðrir aðstandendur.**



**Björgvin hlakkar til að halda upp á tímamótin.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

# Fagnar tugunum sex með veglegum tónleikum

**Björgvin Þ. Valdimarsson fagnar stórafmæli í dag. Mun af tilefninu efna til tónleika á Selfossi þar sem flutt verður eitthvað af þeirri tónlist sem hann hefur samið fram til þessa.**

Tónlistarmaðurinn Björgvin Þ. Valdimarsson á sextugsafmæli í dag. Hann mun þó halda formlega upp á tímamótin þann 24. apríl þegar hann blæs til tónleika í Selfosskirkju þar sem eitthvað af þeirri tónlist sem hann hefur samið fram til þessa verður flutt.

Hann segir tímamótin leggjast vel í sig og að hann hlakki til þeirra. „Í sjálfu sér er ég ekki mikið afmælisbarn en ég hlakka til þessara tímamóta af því ég ætla að halda upp á þau með þessum afmælistónleikum,“ svarar Björgvin.

Á tónleikunum, sem einnig eru hluti af fjögurra daga menningarhátíð sem heitir Vor í Árborg, stíga á svið sex söngvarar, blandaður kór og hljómsveitin Elektra Ensemble sem flytja munu tónlistina. Söngvararnir sem koma fram eru Gissur Páll Gissurarson, Þóra Gylfadóttir, Egill Árni Pálsson, Harpa Ósk Björnsdóttir, Jón Svavar Jósefsson og Óskar Pétursson sem einnig mun sinna hlutverki kynnis á tónleikunum.

> **Í sjálfu sér er ég ekki mikið afmælisbarn en ég hlakka til þessara tímamóta af því ég ætla að halda upp á þau með þessum afmælistónleikum.**

Björgvin á nú og rekur eigin tónlistarskóla, Tónskóla Björgvins, en hann á rætur að rekja til Selfoss og því eru tónleikarnir haldnir þar.

„Ég er fæddur og uppalinn á Selfossi og hóf mitt tónlistarnám þar ungur,“ segir hann, en Björgvin stundaði nám í Tónlistarskóla Árnesinga. Síðar flutti hann til Reykjavíkur þar sem hann lagði stund á frekara tónlistarnám. Samkór Selfoss stjórnaði hann árunum 1976-1982 og frumflutti kórinn mörg af fyrstu lögum Björgvins. Sem dæmi má nefna lögin Sýnin, Maríubæn, Undir dalanna sól og Vorsól. Einnig var hann undirleikari með Karlakór Selfoss og kenndi í nokkur ár við Tónlistarskóla Árnesinga. Þegar Björgvin fluttist búferlum til Reykjavíkur tók hann við stjórn Skagfirsku söngsveitarinnar og stjórnaði kórnum í 25 ár. Einnig hefur hann gefið út kennslubækur fyrir píanó og gaf á dögunum út lagið Annan dag ásamt söngkonunni Mörtu Kristínu Friðriksdóttur og þess má einnig geta að á tónleikunum verða frumflutt tvö ný verk eftir Björgvin, Tangó 60+ og Gamli skódinn hans pabba.

Hann segir heilmikla vinnu fara í að skipuleggja slíka tónleika og stefnir því á að njóta dagsins í dag í faðmi fjölskyldunnar. Eiginleg hátíðahöld fara svo fram á tónleikunum sjálfum þar sem tónlistarmaðurinn stefnir á að njóta flutningsins.

Líkt og áður kom fram fara tónleikarnir fram í Selfosskirkju þann 24. apríl og hefjast klukkan 16.00. Miðaverð er 1.500 krónur. gydaloa@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 15. APRÍL 1912

## Hið ósökkvandi Titanic sekkur

Breska farþegaskipið RMS Titanic sökk klukkan 2.27 að næturlagi árið 1912. Skipið var í eigu White Star-skipafélagsins og var stærsta gufuknúna farþegaskip veraldar.

Titanic lagði upp í jómfrúrferð sína frá Southampton á Englandi 10. apríl. Þegar skipið lét úr höfn lá við árekstri við annað skip og þótti skipverjum það óheillamerki. Titanic var í námunda við Nýfundnaland þegar það sigldi utan í 150 feta borgarísjaka í blíðalogni rétt fyrir miðnætti 14. apríl. Straukst skipið meðfram jakaröndinni með þeim afleiðingum að járnplötur frá stefni og að miðju skipi flettust sundur. Tæpum þremur tímum síðar sökk Titanic með 1.517 af 2.223 farþegum.

Slysið er eitt af mannskæðustu sjóslysum sögunnar á friðartímum. Þrátt fyrir strangar reglugerðir voru of fáir björgunarbátar um borð, en alls tóku þeir 1.178 farþega, þótt skipið rúmaði 3.547 manns.

Fyrirfram var sagt að Titanic gæti ekki sokkið, en það var hannað af reyndustu verkfræðingum og notuð var háþróaðasta tækni. „Titanic er þannig búið að það getur ekki sokkið. Hingað kemst skipasmiðalistin, en ekki lengra,“ fullyrtu skipasmiðirnir. Eigendur skipsins trúðu því; skipshöfnin og farþegarnir líka.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

15. APRÍL 2016 FÖSTUDAGUR


Lífsstíll

# AÐGERÐARSINNI MEÐ RAUÐA SPJALDIÐ Á LOFTI

**Maríanna Clara Lúthersdóttir hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir frammistöðu sína í hinum vinsæla söngleik Mamma Mia þar sem hún leikur vinkonu aðalsöguhetjunnar. Maríanna er, auk þess að vera leikkona og bókmenntafræðingur, mikill aðgerðasinni og hefur tekið virkan þátt í mótmælum gegn ríkisstjórninni undanfarna daga.**

**FRAMHALD Á SÍÐU 2**



MYND/ERNIR


Augnheilbrigði

## Hvarmabólga og þurr augu.

Thealoz inniheldur trehalósa sem er náttúrulegt efni sem finnst í mörgum jurtum og dýrum sem lifa í mjög þurru umhverfi.

Trehalósi eykur viðnám þekjufrumna hornhimnunnar gegn þurrki. Droparnir eru án rotvarnarefna og má nota með linsum.




Fæst í öllum helstu apótekum.

provision

## MYNDAALBÚMIÐ



Maríanna, Ólafur Björn og Dýri á góðri stundu á Gay Pride.



Dýri hefur mætt á Austurvöll til að mótmæla ríkisstjórninni ásamt móður sinni að undanförnu. MYNDIR ÚR EINKASAFNI



Feðgar að leik í Þingholtunum.



Sjálfa af Maríönnu og syninum Dýra.



Maríanna Clara Lúthersdóttir leikkona hefur vakið athygli fyrir leik sinn í Mamma Mia. Sérstaklega þykir hún eiga góðan sprett í atriði með Halldóri Gylfasyni en persónur þeirra fella hugi saman. „Þar heldur áfram samband okkar Dóra á sviði en persónur okkar í Línu Langsokk enduðu líka saman, þau Frú Prússólín og Klængur lögregluþjónn.“ MYND/BORGARLEIKHÚSIÐ

Þegar leikstjóri sýningarinnar Mamma Mia, Unnur Ösp Stefánsdóttir, bauð leikkonunni Maríönnu Clöru Lúthersdóttur að taka að sér hlutverk Rosie sem er önnur vinkvenna aðalsöguhetju söngleiksins var svarið „nei“ í byrjun. „Þegar Unnur Ösp, vinkona mín og herbergisfélagi í Borgarleikhúsinu, var beðin um að leikstýra Mamma Mia var ég spennt fyrir hennar hönd en þegar hún bauð mér að leika Rosie sagði ég „nei, þú vilt fá einhvern annan í það, einhvern sem getur dansað og sungið!“ Hún hélt þessu þó til streitu og á endanum samþykkti ég að leyfa Jóni Ólafssyni, tónlistarstjóra sýningarinnar, að skera úr um hvort þetta myndi sleppa fyrir horn. Ég söng fyrir hann og hann hélt að það gæti komið skemmtilega út að hafa eina óþjálfaða rödd,“ segir Maríanna um tildrög þess að hún tók að sér hlutverk í þessum þekkta söngleik sem hefur slegið í gegn hér á landi sem annars staðar.

Maríanna hafði til að byrja með áhyggjur af söngnum en lýsir því hlæjandi að það hafi verið áður en byrjað var að æfa dansinn. „Þá kom í ljós að söngurinn var mín sterka hlið miðað við dansinn. Það vill svo heppilega til að þetta hlutverk snýst meira um kómík en stórkostlega takta í dans og söng en þó ég grínist með þetta þá lagði ég mig alla fram á æfingatímabilinu.“ Og æfingarnar hafa greinilega skilað sér því leikarinn Gunnar Hansson sem sat á næsta borði á meðan viðtalið fór fram skaut þarna inn í léttum dúr að Maríanna sé frábær dansari en það vakti mikla kátínu hjá Maríönnu sem þakkaði fyrir sig og hló.

### GÖFUGT AÐ GLEÐJA

Leikhópurinn í Mamma Mia er að sögn Maríönnu vel valinn og þéttur. Hún segir að mikið mæði á hópnum þar sem sýningar séu sex til sjö sinnum í viku og margir með fjölskyldu og lítil börn heima. „Þó það sé erfitt að fara frá fjölskyldunni þá er alltaf skemmtilegt að koma í vinnuna og það eru ótrúleg forréttindi. Annað sem ég hef lært á þátttökunni í Mamma Mia er að það er mjög göfugt að gleðja fólk. Manni hættir kannski til að finnast Mamma Mia eitthvað léttvægt og froða eftir að hafa velt fyrir sér stóru hlutunum í lífinu, stöðu flóttamanna og núna þessu pólitíska fárviðri hér heima en þegar maður fær þessi miklu viðbrögð frá fólki í salnum eftir sýningar og jafnvel persónuleg bréf frá fólki þá fyllist maður auðmýkt og verður næstum því meyr yfir því að geta glatt fólk. Við getum létt fólki lund og stytt því stund og það er alveg jafn göfugt og hitt. Sem betur fer er pláss fyrir hvort tveggja í leikhúsinu og mér finnst heiður að fá að vera þarna og geta fengið fólk til að hlæja og hafa gaman,“ segir Maríanna.

### ENGINN RÓSRAUÐUR BLÆR

Maríanna hefur starfað í Borgarleikhúsinu frá því 2013 en var hjá Þjóðleikhúsinu árið á undan. Hún ætlaði sér að verða leikkona frá því hún var barn. „Þetta lá alveg ljóst fyrir hjá mér en ég hafði samt alltaf mjög raunsæjar hugmyndir um leiklistina, að það væri ekki víst að þetta myndi ganga, ég myndi aldrei eignast peninga, og vinnutíminn væri erfiður. Þetta var og hefur aldrei verið sveipað neinum rósrauðum blæ heldur bara eins og ég bjóst við og komið hefur í ljós. Ég vissi alltaf að það að vera listamaður væri ekki ávísun á stórt hús og fínan bíl,“ segir hún og hlær.

### TVÆR ÁSTRÍÐUR Í LÍFINU

Það hefur löngum verið sagt að ekki sé gott að hafa öll eggin í sömu körfunni og er Maríanna þeirrar skoðunar en auk þess að vera leikkona er hún menntaður bókmenntafræðingur og hefur starfað sem slíkur með leiklistinni. „Það er hins vegar ekki mikið svigrúm þegar vinnuálagið í leikhúsinu er eins og það er núna. Þar til nýlega var ég bókmenntaráðgjafi hjá Miðstöð íslenskra bókmennta sem var tveggja ára starf. Ég er líka í stjórn IBBY (The International Board on Books for Young People) á Íslandi sem eru samtök sem stuðla að og efla bókmenntir og menningu fyrir börn. Svo hef ég kennt í Háskóla Íslands síðustu fimm ár, kenni þar grunnkúrs í bókmenntafræði og vonandi geri ég meira af því í framtíðinni. Starfið í leikhúsinu er nú yfirleitt ekki endalaust þannig að ég reyni að halda bókmenntafræðinni lifandi, ég hef þessar tvær ástríður í lífinu sem fara mjög vel saman.“

### HORFIR Á SJÓNVARP OG HEKLAR

Maríanna er gift tónlistarmanninum Ólafi Birni Ólafssyni og eiga þau fjögurra ára soninn Dýra. Hjónin kynntust í MR en byrjuðu ekki að vera saman fyrr en þó nokkrum árum eftir útskrift þaðan. „Þegar Maríanna er spurð að því hvort þau hjónin séu dæmigerðar miðbæjarrottur og listaspírur vefst svarið svolítið fyrir henni. „Manni finnst maður vera svo íhaldssamur og borgaralegur, alltaf heima hjá sér að horfa á breska sakamálaþætti og hekla en í samanburði við marga lifum við kannski bóhemalífi. Erum aldrei heima á kvöldin og tökum barnið með okkur á tónleika og leiksýningar.“

### UPPALIN SEM AÐGERÐASINNAR

Auk þess að fara á tónleika og í leikhús með foreldrum sínum hefur Dýri litli tekið virkan þátt í mótmælum síðustu daga með móður sinni. Maríanna segist hafa verið alin upp sem aðgerðasinni og gengið Keflavíkurgönguna með foreldrum sínum. „Mér finnst eðlilegt að nýta á friðsaman hátt borgaraleg réttindi mín til borgaralegrar óhlýðni. Dýri hefur komið með á svo ótrúlega mörg mótmæli, hann veit alltaf hverju við erum að mótmæla, það er aldrei of snemmt að útskýra hluti fyrir börnum og ég ætla ekki að bíða með að segja honum hver mín gildi í lífinu eru þar til hann verður fimmtán ára en svo hefur hann auðvitað rétt til að taka sínar eigin ákvarðanir þegar fram líða stundir,“ segir Maríanna.

### OF ÆST TIL AÐ VERA Á ÞINGI

Maríanna játar því af alhug að vera femínisti og að hún verði meiri femínisti með aldrinum. „Ég hafði miklar áhyggjur af því þegar ég var yngri að vera álitin leiðinleg og frek þannig að ég lét alls konar yfir mig ganga sem ég myndi aldrei gera í dag. Ég dáist að ungum konum í dag sem virðast vera upp til hópa miklu djarfari. Ég verð sjálf meiri femínisti með hverri bók sem ég les og hverri bíómynd sem ég sé. Áður voru hin frægu kynjagleraugu ekki komin upp. Ég hugsaði bara með mér að það væri leiðinlegt að konur skyldu ekki hafa skrifað neinar bækur eða gert listaverk eða uppgötvanir. Ég gerði mér ekki grein fyrir stóru myndinni, hvernig þessu var markvisst haldið frá konum og líka hinu að konur gerðu magnaða hluti en þeir rötuðu bara ekki inn í sögubækurnar. Núna sér maður þetta allt miklu skýrar, ættar sig á að enn er töluvert starf eftir hér á landi og þegar litið er til heimsins alls þar sem ástandið er víða skelfilegt. Ólíkt því sem sumir segja að við hér á Íslandi ættum ekki að kvarta af því við höfum það svo gott þá segi ég að einmitt við sem höfum raddir verðum að láta í okkur heyra. Við sjáum á öllu því sem hefur verið að gerast hér að undanförnu að við erum ekki einangruð lítil eyja í norðri heldur erum við í samtali við allan heiminn og það sem við segjum skiptir máli. Bæði fyrir okkur sjálf og aðra þannig að við erum í kjöraðstæðum til að láta gott af okkur leiða,“ segir Maríanna ákveðin.

Blaðamanni finnst hún á þessum tímapunkti farin að hljóma eins og upprennandi stjórnmálamaður sem eigi fullt erindi inn á þing og spyr því hvort leiðin liggi þangað í framtíðinni. Hlæjandi neitar hún því og segist ekki hafa nógu mikið jafnaðargeð til að geta starfað þar. „Ég myndi æsa mig of mikið upp. Ég styð frekar gott fólk til góðra verka þar og læt mér nægja í bili að vera með rauða spjaldið á lofti ásamt syni mínum á Austurvelli.“

liljabjork@365.is



# Fjölbreytt úrval gjafa



Distortion kertastjakar
4.800 kr.



Pennabox með límbandi og
skúffu fyrir bréfklemmur. 4.490 kr.



Kisupúði
6.200 kr.




Íslandsklukkan. Stærð: 23 x 33 cm.
3.200 kr.



Moomin krús. 3.490 kr.



Hnöttur. 16.900 kr.



Handskorin Maríuerla. 3.900 kr.



Ittala Kastehelmi kertastjakar
2.390 kr.



Lasso flöskustandur
3.900 kr.



WC HILLAN kemur röð og reglu á lesefni setustofunnar. Stærð: 25x26x50 cm. (4 litir.) 4.400 kr.



Ostabretti með hnífum. 5.990 kr.




Gamla góða Íslandskortið
Stærð: 50x70 cm. Aðeins 750 kr.



Waaw lampi
39.000 kr.



Hauskúpuljós. 6.900 kr.



Rope skál.
13.400 kr.



Frístandandi Hnattlíkan.
Þú stillir því upp og það
snýst og snýst.
3.390 kr.



Heico gæsalampi
17.900 kr.



Músikegg
spilar tónlist og tryggir að þú fáir eggið þitt
soðið eins og þú vilt hafa það. 5.500 kr.



Magnet Vasar 5.900 kr.

minja
Design

Skólavörðustíg 12 sími 578 6090 www. minja.is fb: minja




„Vatnslosandi og kemur meltingu í lag”



100% kraftur & virkni

Ég tek **Flóru með mér í ferðalagið**, bólgnir fætur, þrútin og þreyttur magi er það sem ég vil helst af öllu forðast, þá hefur Flóra reynst mér einstaklega vel á löngum ferðum.

*(Guðlaug B Jónasdóttir sölufulltrúi).*

ICEHERBS NATURA ISLANDICA



TEXASBORGARAR

BLT-SAMLOKA MEÐ FRÖNSKUM
1.490 KR.
Alsæla með spældu eggi og bernaise fyrir klink




2 FYRIR 1

*af BLT-samloku með frönskum gegn framvísun þessa miða. Aðeins 1.490 kr. fyrir tvo. Klipptu miðann út og taktu með þér. Gildir til 25. maí 2016.*

Nánari upplýsingar á Texasborgarar.is og Facebook



ALLA DAGA VIKUNNAR Í OPINNI DAGSKRÁ KL. 18.30



VIÐ FLYTJUM ÞÉR FRÉTTIRNAR

Fréttir Stöðvar 2, í opinni dagskrá alla daga vikunnar, alla daga ársins, kl. 18.30.

365 FRÉTTASTOFA




**Fjaðrahálsmen eftir Rannveigu Gísladóttur sem er meðlimur í kórnum. Hún býr einnig til eyrnalokka úr fjöðrum sem áhugasamir geta skoðað á Facebook undir Ranna Design.**



**Trefill frá íslenska merkinu Volka. Hann fékk Hildigunnur að gjöf og notar mikið enda finnst henni litirnir skemmtilegir.**



**Einkennisbúningur Katlanna eru svört föt og litríkar sokkabuxur. Hildigunnur á því mikið af slíkum sokkabuxum sem hún notar líka dags daglega.**

# GAMAN AÐ EIGA ÞAÐ SEM ENGINN ANNAR Á

**Hildigunnur Einarsdóttir,** annar tveggja kórstjóra kvennakórsins Kötlu, klæðist helst svörtum þægilegum flíkum sem hún hressir upp á með skemmtilegum fylgihlutum. Kvennakórinn Katla heldur tónleika í Frystiklefanum á Rifi í Snæfellsbæ annað kvöld klukkan 20.

SKOÐAÐ
## Í SKÁPINN



**Hildigunnur í sínum uppáhaldskjól sem hún keypti í Rokki og rósum.** MYND/PJETUR

**Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?** „Minn stíll er margbreytilegur. Fyrst og fremst vil ég eiga beisik svartar flíkur sem ég hressi upp á með litríkum og skemmtilegum fylgihlutum.“

**Hvar kaupir þú fötin þín?** „Ég er eins og týpískur Íslendingur sem kaupir fötin í H&M í útlöndum. En svo geri ég kannski aðeins betur við mig í skóm og fylgihlutum. Fylgihlutina finn ég hér og þar og finnst gaman að kaupa þá bæði notaða í vintage-búðum en fer líka í ódýrar glingurbúðir. Þar vel ég mér yfirleitt eitthvað sem er bara til eitt af enda finnst mér gaman að eiga eitthvað sem enginn annar á.“

**Eyðir þú miklu í föt?** „Nei. Ég hef það frá mömmu og ömmu, þær eru svo hagsýnar.“

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** „Það er vintage-kjóllinn sem ég er í á myndinni. Hann keypti ég í Rokki og rósum. Hann er svo skemmtilega litríkur og með fallegu sniði sem ég legg mikið upp úr. Ég nota hann reyndar sjaldan, aðallega þegar ég er að stjórna Kötlunum.“

**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** „Ég dregst að því sem glitrar en það fer mér ekkert vel. Ég á margar sögur um léleg kaup frá fyrri tíð. Þá hef ég keypt glimmer-, glingur- og pallíettudót sem klæddi mig síðan alls ekki. Samt finn ég að ég dregst að þessu enn þá.“

**Notarðu fylgihluti?** „Minn aðalfylgihlutur er Lilja Dögg Gunnarsdóttir en með henni stjórna ég kvennakórnum Kötlu.“



**Getur þú sagt mér frá kvennakórnum Kötlu?** „Þetta er kvennakór sem var stofnaður af nokkrum áhugasömum konum sem vildu gera eitthvað skemmtilegt saman. Þetta hefur síðan undið hressilega upp á sig. Við Lilja Dögg höfum stjórnað kórnum í fjögur ár og erum ótrúlega stoltar af honum enda er þarna samansafn af mörgum flottustu konum Íslands. Við útsetjum mikið sjálfar fyrir kórinn og fáum hjálp frá kórmeðlimum um val á efnisskrá. Við syngjum mikið af poppslögurum og gömlum íslenskum lögum en Draumaprinsinn er orðinn okkar aðal hitt. „Við höfum gert skemmtilega öðruvísi hluti á borð við tónlistarmyndband, komið fram á Listahátíð og búið til spuna við Listflug.“

**Hvað er fram undan?** „Kórinn er á leiðinni á Snæfellsnes um helgina sem eru heimahagar Lilju Daggar. Við ætlum að flytja okkar helstu slagara í Frystiklefanum á Rifi á laugardagskvöldið klukkan átta. Síðan erum við á leiðinni til Finnlands í maí í okkar fyrstu utanlandsferð. Það er fyrsta skrefið í að sigra heiminn.“ **solveig@365.is**


Vandaðar yfirhafnir
á frábæru verði!
Sendum í póstkröfu
Stærðir 36-52
hjá Hrafnhildi
Framúrskarandi fyrirtæki
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Kjúklingabitar með kornflexraspi. Þessa uppskrift má finna á síðunni ljufmeti.com.



Sætkartöflufranskar eru hollari kostur og ekki síður bragðgóðar.

# GÓÐGÆTI BEINT ÚR OFNINUM

Kjúklinganaggar og franskar eru klassískur skyndibiti en æði oft fitandi enda kemur iðulega djúpsteiking við sögu. Þó er mjög vel hægt að útbúa listilega góða nagga og franskar í ofninum. Hér eru girnilegar uppskriftir sem virka þrælvel.

### KJÚKLINGABITAR

**Uppskrift af ljufmeti.com**

**4 kjúklingabringur**
**2 bollar grísk jógúrt**
**2 msk. hunang**
**2 msk. Dijon-sinnep**
**1/4 tsk. sjávarsalt**
**2½ bolli kornflex**

Hitið ofninn í 175°C. Skerið kjúklingabringurnar í strimla (eða notið kjúklingalundir). Hrærið saman grískri jógúrt, hunangi, salti og Dijon-sinnepi í stórri skál. Bætið kjúklingnum í skálina og blandið saman þannig að marineringin hjúpi kjúklinginn. Setjið plastfilmu yfir kjúklinginn og geymið í ísskáp í 20 mínútur. Setjið helminginn af kornflexinu í poka og myljið. Setjið helminginn af kjúklingnum í pokann og hristið hann svo að kornflexið hjúpi kjúklinginn. Raðið kjúklingnum á bökunarpappír á ofnplötu og spreyið smá af olíu yfir. Bakið í 20-25 mínútur.

### SÆTKARTÖFLUFRANSKAR

**Sætar kartöflur þykja hollar og því tilvalið að nota þær í stað venjulegra kartaflna við gerð á frönskum. Þær eru ekki síður góðar en venjulegar franskar og sérlega vinsælar meðal barna.**

Hitið ofninn í 200 gráður. Þvoið tvær stórar sætar kartöflur vel í köldu vatni, þá verður óþarfi að skræla þær. Skerið hverja kartöflu í lengjur sem eru jafnar að þykkt, setjið í skál og kryddið með sjávarsalti, svörtum pipar og 1/2 msk. af paprikudufti. Dreifið einni matskeið af ólífuolíu yfir.

Blandið þannig að kryddið og olían dreifist jafnt. Setjið á bökunarpappír í ofnskúffu en passið að að kartöflurnar liggi ekki of þétt. Bakið í 30-40 mínútur eftir þykkt strimlanna. Látið kólna í fimm til tíu mínútur áður en kartöflurnar eru bornar fram.



### FRANSKAR KARTÖFLUR

**Notið stórar óskrældar bökunarkartöflur.**

Skerið kartöflurnar í jafn þykkar og langar lengjur. Setjið lengjurnar í stóra skál af köldu vatni og látið liggja í hálftíma eða jafnvel meira, eftir því hvað tíminn leyfir. Sumum þykir gott að salta vatnið.

Þurrkið kartöflurnar vel með eldhúspappír. Setjið í skál, saltið, piprið og dreifið smá olíu yfir.

Raðið kartöflulengjunum á bökunarpappír á ofnplötu og bakið í um 45 mínútur í 200°C heitum ofni.






Æfingabuxur eiga það til að teygjast.

# SUM FÖT ÆTTI AÐ KAUPA OF LÍTIL

Föt eiga það til að teygjast og stækka þegar eigandi þeirra hefur verið í þeim í svolítinn tíma þrátt fyrir að þau hafi passað vel þegar hann skellti sér í þau fyrst. Þetta er algengara með sumar flíkur en aðrar og hefur líka meiri áhrif í sumum tilfellum en öðrum – stundum er allt í lagi að fötin séu víð og teygð en ekki í eftirfarandi tilfellum. Þessar flíkur er betra að kaupa í aðeins minna númeri en passar best í mátunarklefanum.

**GALLABUXUR** Ef þú nærð varla andanum þegar þú mátar gallabuxurnar er það í fínu lagi af því gallabuxur víkka alltaf umtalsvert við notkun. Best er því að kaupa buxur sem eru eilítið of þröngar.

**ÆFINGABUXUR** Það er frekar pirrandi að þurfa alltaf að vera að hífa upp um sig buxurnar í útihlaupinu eða í jógatímanum. Þess vegna er gott að kaupa æfingabuxur í minni kantinum því í þeim flestum er teygjuefni sem gefur eftir við notkun.

**PEYSUR ÚR POLYESTER-EFNI** Þessar peysur víkka yfirleitt alltaf með notkun og er því ágætt að kaupa þær minni en ella svo þær verði ekki lufsulegar í lok dags.

# Sumardekk

15. apríl 2016

**KYNNINGARBLAÐ** Dekkjasalan | Arctic Trucks|



„Hér á staðnum eru eitthvað um 4.000 felgur. Margir segja að felgurnar séu 90 prósent af útliti bílsins og flestir vilja að bíllinn líti vel út, þar komum við sterkir inn," segir Valdimar.



„Við viljum að  viðskiptavinum líði vel hér og pössum sérstaklega upp á að hér sé alltaf til gott kaffi á könnunni, sem við hellum upp á á gamla mátann."



Úrval af felgum og dekkjum er að finna í Dekkjasölunni.



Dekkjasalan er staðsett að Dalshrauni 16 í Hafnarfirði. Öll dekk, felgur og aðrar vörur sem eru á boðstólum er að finna inni á heimasíðu fyrirtækisins  dekkjasalan.is

# Felgurnar 90 prósent af útliti bílsins

Dekkjasalan ehf. í Hafnarfirði býður gott úrval af dekkjum og felgum. Valdimar Sigurjónsson, eigandi Dekkjasölunnar, segir fólk vanda valið þegar kemur að dekkjakaupum í dag og velji þekkt og traust merki. Þá geri fallegar felgur mikið fyrir bílinn.

„Felguland" er gjarnan það fyrsta sem kemur upp í huga þeirra sem ganga inn í Dekkjasöluna í Dalshrauni í Hafnarfirði, enda eru þar allir veggir þaktir felgum. Valdimar Sigurjónsson, forstjóri fyrirtækisins segir felgurnar gera mikið fyrir útlit bílsins.

„Hér á staðnum eru eitthvað um 4.000 felgur. Margir segja að felgurnar séu 90 prósent af útliti bílsins og flestir vilja að bíllinn líti vel út, þar komum við sterkir inn," segir Valdimar. Hann stofnaði Dekkjasöluna árið 2010 og lagði í fyrstu aðaláherslu á umboðssölu á dekkjum og felgum. Boltinn fór fljótlega að rúlla og Valdimar bætti við þjónustuna.

## Dekkjaverkstæði og -hótel

„Fyrsta árið var ég meira og minna einn hérna en í dag eru sex til sjö fastráðnir starfsmenn. Við erum með dekkjaverkstæði og dekkjahótel en sú þjónusta hefur fallið mjög vel í kramið hjá okkar viðskiptavinum," segir Valdimar.

## Notalegt andrúmsloft

Valdimar leggur einnig mikla áherslu á að halda verkstæðinu hreinu og snyrtilegu, bæði innan- og utanhúss. Allir veggir eru hvítmálaðir og gólfin einnig í ljósum lit og lítið sem minnir á dekkjaverkstæði í miðri törn.

„Við reynum að hafa það sem reglu að ganga frá öllu strax á sinn stað. Við viljum að viðskiptavinum líði vel hér og pössum sérstaklega upp á að hér sé alltaf til gott kaffi á könnunni, sem við hellum upp á á gamla mátann," segir Valdimar kíminn og bendir á kaffikönnuna, en henni er haganlega komið fyrir inni í dekki á einum veggnum.



Valdimar Sigurjónsson stofnaði Dekkjasöluna árið 2010. Mynd/Ernir

## Vanda val á dekkjum

Aðspurður segir Valdimar fólk vanda val á dekkjum í dag meira en undanfarin ár. Hann segir sölu á óþekktum merkjum hafa dalað verulega og fólk velji þekkt og traust merki sem hafa sannað gildi sitt. „Þetta helst í hendur með bættum efnahag. Fólk getur gert skynsamari kaup í dag."

Dekkjasalan er staðsett að Dalshrauni 16 í Hafnarfirði. Öll dekk, felgur og aðrar vörur sem eru á boðstólum er að finna inni á heimasíðu fyrirtækisins dekkjasalan.is ásamt lýsingu, verði og myndum.


DEKKJASALAN

PÓLÝHÝÐUM FELGUR - LÁNUM DEKK OG FELGUR Á MEÐAN

*Eru felgurnar illa farnar?*

Pólýhúðun en ferli þar sem felgurnar eru sandblásnar og dufthúðaðar með innbrenndu epoxýlakki.
Margir litamöguleikar.





**Dekkjasalan Dalshrauni 16,** Hafnarfirði - **587 3757** - dekkjasalan.is

# Öryggi í umferðinni ekki einkamál

Auðveldlega má ná sér í ódýran umgang undir bílinn með því að kaupa notuð dekk á samfélagsmiðlum. Öryggisins vegna þarf þó að vanda valið þegar keypt eru notuð dekk og segir **Stefán Ásgrímsson**, ritstjóri hjá FÍB, það jafnvel ekki skynsamlegt. Mikilvægt sé að mæla mynsturdýpt og lesa rétt í aldurskóða.

„Það verður að hafa í huga að snertiflötur dekkja við götuna er einungis um lófastór blettur á hvert dekk og gegnum þessa lófastóru bletti þarf veggripið að vera traust. Það er einfaldlega vissara að hafa þetta í lagi. Sjálfur hef ég aldrei keypt notuð dekk,“ segir Stefán Ásgrímsson, ritstjóri hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, þegar hann er spurður út í kaup á notuðum dekkjum.

> **Gúmmíið oxíderast, sólarljós hefur áhrif og það harðnar. Dekkið fær aðra eiginleika en það hafði í upphafi. Þá veit maður aldrei hvernig þau hafa verið geymd, það gæti hafa verið við aðstæður sem valda því að fúi sé kominn í burðarlög dekksins.**
>
> *Stefán Ásgrímsson*

### En hvað þarf að hafa í huga?

„Í fyrsta lagi þarf lágmarks slitþol að vera eftir á dekkjunum. Mynsturdýpt má til dæmis ekki vera minni en 1,6 mm á sumardekkjum og þetta þarf að mæla þegar dekkin eru skoðuð. Í öðru lagi verða dekkin að vera af sömu tegund og gerð þegar þau fara undir bílinn, í það minnsta að parast rétt á hvorum öxli fyrir sig. Í þriðja lagi mega dekkin alls ekki vera of gömul,“ segir Stefán.

Á hlið dekkjanna er að finna ýmsar upplýsingar í tölum og táknum. Þar er einnig að finna framleiðsludag og ár sem blasir þó kannski ekki við leikmönnum.

„Aldurskóði er skráður á hlið dekkjanna. Dotmerkið er alþjóðlegur kóði þar sem tiltekið táknmál er notað um framleiðslumánuð og ár. Sem dæmi, ef það stendur DOT 1512 á dekkinu hefur það verið framleitt í fimmtándu viku ársins 2012,“ útskýrir Stefán og leggur áherslu á að ekki sé skynsamlegt að kaupa eldri dekk en fjögurra til fimm ára, eiginleikar gúmmísins breytist með tímanum.

„Gúmmíið oxíderast, sólarljós hefur áhrif og það harðnar. Dekkið fær aðra eiginleika en það hafði í upphafi. Þá veit maður aldrei hvernig þau hafa verið geymd, það gæti hafa verið við aðstæður sem valda því að fúi sé kominn í burðarlög dekksins. Notkunin hefur einnig áhrif og hugsanlegt að ekið hafi verið með of lint í dekkjunum. Við það verður innri núningur í dekkinu og það hitnar. Ef dekkið hitnar mikið getur byrjað að molna innan úr því. Það ætti því að strjúka dekkin innan og ef gúmmíduft eða eins og sandur sest á lófa manns getur það verið merki um slíkt.“

„Öryggi í umferðinni er ekki einkamál hvers og eins, það snertir okkur hin líka sem erum á ferðinni. Fólk á fjölskyldur og börn og það vill enginn tefla lífi annarra, hvað þá sinna eigin í tvísýnu,“ segir Stefán.



**Stefán Ásgrímsson, ritstjóri FÍB, segir ekki skynsamlegt að kaupa notuð dekk nema að vel athuguðu máli. Öryggi í umferðinni sé ekki einkamál hvers og eins.** MYND/GVA

www.n1.is facebook.com/enneinn






**Michelin CrossClimate**

Sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir.

Dekk sem henta margbreytilegum íslenskum aðstæðum sérlega vel og veita frábæra aksturseiginleika.



**Michelin Energy Saver**

Margverðlaunuð fyrir veggrip, endingu og eldsneytissparnað.



**Michelin Primacy 3**

Einstakir aksturseiginleikar.

Frábært grip og góð vatnslosun.

Ein bestu sumardekkin á markaðnum í dag.

**Hjólbarðaþjónusta N1**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Bíldshöfða | 440-1318 | Langatanga Mosfellsbæ | 440-1378 | Opið | |
| Fellsmúla | 440-1322 | Reykjavíkurvegi Hafnarfirði | 440-1374 | mán – fös | kl. 08-18 |
| Réttarhálsi | 440-1326 | Grænásbraut Reykjanesbæ | 440-1372 | laugardaga | kl. 09-13 |
| Ægisíðu | 440-1320 | Dalbraut Akranesi | 440-1394 | www.n1.is | |

Hluti af vorinu N1

ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson



PIRELLI

TOYO TIRES
driven to perform

BFGoodrich Tires
TAKE CONTROL

MAXXIS®

INTERSTATE TIRES

# SUMARDEKKIN ERU KOMIN Í UMFERÐ!

## BJÓÐUM GÆÐADEKK Í ÖLLUM VERÐFLOKKUM

Nú er tími sumardekkjanna kominn og því hvetjum við bíleigendur til að fá aðstoð fagmanna okkar við val á dekkjum með rétta eiginleika - **það er öruggast.**

**Umboðsmenn um land allt.**




Bílabúð Benna
590 2045 | BENNI.IS

Tangarhöfði 15
110 Reykjavík
590 2045

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110

Grjóthals 10
110 Reykjavík
561 4210

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333

NESDEKK
561 4200 / NESDEKK.IS

# Endingargóð og hljóðlát jeppadekk

**Arctic Trucks** er með umboð fyrir hinum sívinsælu Dick Cepek jeppadekkjum sem reynst hafa Íslendingum vel í 25 ár. Heilsársdekkin eru vinsælust undir smærri og stærri jeppa. Stærstu jeppadekkin, 38 tommu, hefur Arctic trucks látið sérhanna fyrir sig í áratug.

„Öllu skiptir að velja réttu dekkin, bæði með tilliti til öryggis og notkunarmöguleika,“ segir Steinar Sigurðsson sölustjóri Arctic Trucks.

Hann segir sölumenn ávallt leiðbeina fólki um val á dekkjum út frá því hvernig nota eigi bílinn. „Þeir sem eru að aka í grófri möl og drullu þurfa til dæmis grófari dekk, meðan þeir sem aka helst á malbiki þurfa fínni dekk sem eru hljóðlát og þægileg í akstri,“ segir hann.

## Heilsársdekkin vinsælust

Arctic Trucks hefur sérhæft sig í dekkjum fyrir minni og stærri jeppa. „Við erum að selja gæðadekk frá Dick Cepek og höfum gert í nærri aldarfjórðung. Þau hafa reynst afar vel,“ segir Steinar en reglulega koma fram nýjungar frá framleiðandanum.

Dick Cepek dekkin eru til með mismunandi mynsturgerðum og Steinar segir heilsársdekkin vinsælust. „Þau eru bæði endingargóð, mjúk í akstri og hljóðlát sem er það sem flestir leita eftir í stærri jeppadekkjum,“ segir Steinar en dekkin eru míkróskorin í miðjunni og fá þannig aukið grip í hálku. Steinar bendir einnig á að með því að nota heilsársdekk minnki kostnaður við umfelgun og umstangið verði minna.

Enn eru þó einhverjir sem kjósa að eiga sumar- og vetrardekk. „Það er helst fólk sem vill vera með nagla á veturna,“ segir Steinar en telur þó naglana á miklu undanhaldi. „Veturnir á höfuðborgarsvæðinu eru yfirleitt það léttir að lítil þörf er á nöglum.“



Steinar Sigurðsson, sölustjóri Arctic Trucks, við eitt af stærri jeppadekkjunum sem fást hjá fyrirtækinu.

> **Dick Cepek dekkin eru bæði endingargóð, mjúk í akstri og hljóðlát sem er það sem flestir leita eftir í stærri jeppadekkjum.**
>
> *Steinar Sigurðsson*

## AT405 dekkin

Arctic Trucks hefur í áratug látið hanna og framleiða fyrir sig 38 tommu jeppadekk sem bera heitir AT405. „Þetta er eina dekkið þessum stærðarflokki sem er hannað til vetrar- og snjóaksturs,“ segir Steinar en dekkin hafa komið mjög vel út. „Þau eru endingargóð, hafa gott grip og eru mjög vel steypt. Menn eru yfir höfuð mjög ánægðir með þau.“

## Hjólbarðaverkstæði og aukahlutir

Arctic Trucks á öll dekk á lager. „Síðan gefum við fólki tíma á dekkjaverkstæðinu okkar á Kletthálsi 3 og þá gengur þetta mjög vel fyrir sig,“ segir Steinar en Arctic Trucks hefur einnig til sölu alla aukahluti á borð við loftdælur sem gott er að hafa við höndina í jeppaferðum sumarsins.



Dick Cepek dekkin hafa reynst afar vel við íslenskar aðstæður. MYND/ANTON BRINK

# Hreint ekki algalin fjárfesting

**Egill Matthíasson** fékk áhuga á fornbílum á unglingsaldri eftir að móðir hans gaf honum áskrift að amerísku fornbílablaði. Í dag á hann fjóra fornbíla, þann elsta frá árinu 1928. Honum finnst gaman að dunda við þá heima fyrir en fær lítið út úr því að keyra þá.

Fallegt útlit og hönnun er það sem heillar Egil Matthíasson mest við fornbíla. Sjálfur á hann fjóra slíka en hann fékk snemma áhuga á fornbílum. „Sjálfsagt hef ég verið 13-14 ára gamall þegar móðir mín gaf mér áskrift að amerísku fornbílablaði. Eftir það varð ekki aftur snúið, ég varð alveg heillaður af fornbílum.“

Í fyrstu var það bara útlitið sem heillaði Egil en sem unglingi fannst honum gamlir bílar alveg svakalega flottir. „Með tímanum hefur áhuginn breyst og þróast en áfram er það útlitið og hönnunin sem heilla mig mest. Áður fyrr höfðu bílahönnuðir miklu meira frelsi til að hanna og teikna fallega bíla. Í gamla daga var enginn að hugsa um loftmótstöðu eða bensínsparnað.“

## Engin ein tegund fallegust

Hann segir tíðarandann koma vel fram í bílahönnuninni. „Við sjáum til dæmis krómi slegna dreka sjötta áratugarins og síðan kraftbíla þess sjöunda. Fyrir mér eru það skemmtilegastu tímabilin í bílasögunni. Það er engin sérstök bílategund sem heillar mig frekar en önnur, annað hvort er bíllinn fallegur eða ekki og skiptir þá ekki máli hver framleiðandinn er.“

Sem fyrr segir á Egill fjóra fornbíla. „Fyrst ber að nefna Studebaker Erskine, árgerð 1928. Afi minn eignaðist hann nýjan og hefur bílinn verið í eigu fjölskyldunnar í 88 ár og er enn í góðu standi. Afi minn notaði bílinn í þrettán ár eða til ársins 1941. Síðan þá hefur bílinn staðið inni í bílskúr, nánast ónotaður.“

Næst nefnir Egill Chevrolet Corvair Monza, blæjubíl af árgerð 1966. „Corvair er eini ameríski bíllinn sem hefur verið framleiddur með loftkældan 6 cyl mótor að aftan, ekki ósvipað og VW bjallann. Þennan bíl hef ég átt í tæp 20 ár og hefur hann verið mikið endurnýjaður á þeim tíma.“

## Gaman að dunda sér

Einnig á Egill Ford Mustang Mach 1, árgerð 1969. Honum finnst þessi árgerð og útfærsla af Mustang einn alfallegasti bíll sem framleiddur hefur verið. „Mig hefur dreymt um að eignast svona bíl frá því að ég var strákur. Því gat ég ekki annað en keypt bílinn þegar hann var auglýstur til sölu fyrir tveimur árum. Um er að ræða sjaldgæfa útgáfu, svokölluð S Code sem kom orginal með 390 cid „big block“ mótor og er beinskiptur.“

Fjórði bíllinn er lítill huggulegur breskur sportbíll að sögn Egils. „Þetta er 1975 árgerðin af MGB GT. Þessi bíll var fluttur inn nýr til Íslands og er ekki ekinn nema 102.000 km á 40 árum, en sportlegir bílar hafa alltaf heillað mig mest.“

Þrátt fyrir ástríðu sína á fornbílum viðurkennir Egill að það sé kannski ekki svo gáfulegt að eiga marga fornbíla. „En það er gaman að dunda sér í kringum þá og svo er þetta kannski ekki algalin fjárfesting því góðir fornbílar hækka nú frekar en lækka í verði. Ég nota þessa bíla nú ekki mikið enda fæ ég ekkert sérstaklega mikið út úr akstrinum. Ég reyni nú að hreyfa þá eitthvað á sumrin, svona bara til að halda bílunum í góðu lagi enda fer ekki vel með þá að láta þá standa ónotaða árum saman.“



Rauður og svartur Studebaker Erskine, árgerð 1928.



Chevrolet Corvair Monza, blæjubíll af árgerð 1966.



„Það er enginn sérstök bílategund sem heillar mig frekar en önnur, annað hvort er bíllinn fallegur eða ekki og skiptir þá ekki máli hver framleiðandinn er,“ segir Egill Matthíasson sem situr hér á MGB GT, árgerð 1975. Fyrir framan hann er Ford Mustang Mach 1, árgerð 1969. MYND/ANTON BRINK




# *Glansandi felgur sem tekið er eftir - með Xtreme Felguhreinsinum frá Sonax.*

Hraðvirkur og öflugur hreinsir fyrir allar felgur og hjólkoppa.

BRANDS OF THE CENTURY
SONAX
2016
GERMAN STANDARDS

SONAX®

DEKKVERK

Nýbýlavegur 2 Kópavogi & Lyngás 20 Garðabæ
Sími: 578 7474 www.dekkverk.is
OPIÐ ALLA DAGA 10-19

# Skemmtilega ódýr

Dekk

Smurning

Viðgerðir

# OPIÐ UM HELGAR

LÍKA Á SUNNUDÖGUM


SUMARDEKK
WEST LAKE®
"AF ÞVÍ ÞAU ERU GÓÐ"

# Með vistakstri má spara sér fé

Með vistakstri má spara sér umtalsverðar fjárhæðir því með honum getur eldsneytissparnaður orðið allt upp í fimmtán prósent auk þess að draga úr mengun. Eitt af því sem huga þarf að í vistakstri eru hjólbarðar bifreiðarinnar og að loftþrýstingur þeirra sé réttur.

Með vistakstri má minnka eldsneytisnotkun og draga úr mengun. Munurinn á því að keyra á sem hagkvæmastan máta og á sem minnst hagkvæmastan máta getur verið afar mikill, bæði hvað varðar útblástur og olíunotkun.

Með nokkrum einföldum aðferðum má breyta aksturslaginu til hins betra, spara peninga og draga úr mengun auk þess að stuðla að öruggari og þægilegri akstri.

Það eru nokkur grunnatriði sem þarf að huga að í vistakstri. Meðal annars þarf að lesa í umferðina, halda jöfnum ökuhraða, skipta snemma um gír, athuga loftþrýsting dekkja reglulega og huga að óþarfa farangri og notkun aukahluta bílsins.

## Lesið í umferðina

Ökumenn ættu alltaf að horfa sem lengst fram á veginn og reyna að sjá fyrir stöðu umferðarljósa og hugsanlegar tafir og hindranir. Með þessu sparast eldsneyti auk þess sem aksturinn verður öruggari. Slysahætta minnkar þar sem ökumaðurinn heldur betra bili milli bíla, gætir fyrr að umferð á gatnamótum og ekur frekar á réttum hraða.

Með jöfnum ökuhraða skapast aukið svigrúm til að lesa betur í umferðina og þar með fækka óþarfa stoppum og spara þannig eldsneyti. Eyðslan eykst þegar bíllinn er tekinn oft úr kyrrstöðu. Þegar hægist á umferð er snjallt að taka fótinn af eldsneytisgjöfinni og láta skriðþunga bílsins sjá um að koma honum áfram í stað þess að keyra nánast alveg upp að næsta bíl og bremsa þar.

## Styst er ekki alltaf best

Þegar ekið er á háum eða meðalháum snúningshraða (RPM) verður eldsneytisnotkun meiri en þegar snúningshraðinn er lágur. Þess vegna ætti í flestum tilfellum að skipta snemma í hærri gír eða þegar hraðinn er um tvö þúsund snúningar á mínútu.

Einnig ætti að huga að því að velja réttar akstursleiðir áður en lagt er af stað því akstursleiðir skipta miklu máli varðandi hagkvæman akstur. Stysta leiðin er ekki endilega alltaf sú hagkvæmasta því ákjósanlegasta ökuleiðin er sú þar sem sjaldnast þarf að stöðva bílinn og hægt er að aka sem lengst á jöfnum hraða. Athuga þarf hvort til dæmis mörg umferðarljós eru á leiðinni og í sumum tilfellum gæti þurft að velja mismunandi leiðir eftir tíma sólarhringsins.

## Athugið þrýstinginn

Hjólbarðar skipta miklu máli, þegar eldsneytiseyðsla er annars vegar og mikilvægt að loftþrýstingur sé réttur. Ef loftþrýstingur er of lítill eykst eyðslan, er þá sem núningsmótstaða eykst. Gott er því að athuga þrýstinginn reglulega, að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Með réttum og jöfnum þrýstingi verða aksturseiginleikar bílsins líka betri. Hægt er að sjá í handbók framleiðanda bílsins hver loftþrýstingurinn ætti að vera.

Auk alls þessa ætti að huga að allri annarri orkunotkun bílsins. Notið miðstöðina og aðra rafknúna hluti bílsins í hófi og slökkvið á þeim þegar þeir eru ekki í notkun, þeir þurfa orku og kosta því peninga. Einnig hefur almennt viðhald og eftirlit margs konar áhrif á akstursháhagkvæmni bílsins.



**Með jöfnum ökuhraða skapast aukið svigrúm til að lesa betur í umferðina og þar með fækka óþarfa stoppum og spara þannig eldsneyti.** MYND/ANDRI MARINÓ

### Kostir vistaksturs

- Öryggi
- Meira öryggi
- Betri bílstjórar
- Umhverfi
- Minni losun koltvísýrings
- Minni loftmengun
- Minni hávaðamengun
- Fjárhagslegir
- Sparar eldsneyti/peninga
- Minna viðhald bifreiða
- Minnkar kostnað við slys
- Félagslegir
- Ábyrgari akstur
- Minna stress við akstur
- Meiri þægindi fyrir bílstjóra og farþega

nokian TYRES®

Skoðaðu dekkjaleitarvélina MAX1.is Fáðu tilboð

VELDU ÖRYGGI

Margverðlaunuð NOKIAN gæðadekk

Á Íslandi vitum við að sumarveður getur þýtt alls konar veður. Þess vegna hefur Nokian þróað sumar- og heilsársdekk sem henta fjölbreyttu veðurfari norðlægra slóða.

- ein öruggustu dekk sem völ er á
- valin bestu dekkin í gæðakönnunum
- eigum dekk fyrir fólksbíla, jeppa og sendibíla

Við bjóðum Nokian dekk í hæsta gæðaflokki á frábæru verði



Komdu núna eða pantaðu tíma

Greiðsludreifing í boði

Reykjavík: Bíldshöfða 5a Jafnaseli 6 Knarrarvogi 2 *(ath. ekki dekkjaþjónusta)*

Hafnarfjörður: Dalshrauni 5

Aðalsímanúmer: 515 7190

Opnunartími: Öll verkstæði opin virka daga kl. 8-17 Laugardaga: sjá MAX1.is

MAX1 BÍLAVAKTIN

# OPNUNARTILBOÐ 25% AFSLÁTTUR AF DEKKJUM

AÐALDEKK
BIFREIÐAÞJÓNUSTA

VIÐGERÐIR
BREMSUR
VENOL SMURÞJÓNUSTA
DEKK




AÐALDEKK
BIFREIÐAÞJÓNUSTA

MIÐHRAUN 15 - GARÐABÆ
SÍMANÚMER: 588-7577

## OPNUNARTÍMI

VIRKA DAGA: 08:00 -17:30
LAUGARDAGA: 10:00 -15:00

ALHLIÐA SMUROLÍUR FRÁ
VENOL®
- vel valið!

SMURÞJÓNUSTA

*25% AFSLÁTTUR GILDIR EINGÖNGU FYRIR RADAR DEKK

# Enga lausamuni í farþegarými

Sumarið er handan við hornið með tilheyrandi ferðalögum vítt og breitt um land. Til að allir komist örugglega á leiðarenda er ekki nóg að huga að ytra byrði bílsins heldur ættu ökumenn að líta sér nær og kanna hvernig umhorfs er inni í farþegarýminu.

Algengt er að fólk geymi mikið af lausamunum í farþegarými sem geta orðið stórhættulegir ef eitthvað kemur fyrir. Á 90 kílómetra hraða 130 faldast höggþyngd einstaklings eða hlutar. Það þýðir að um 100 gramma farsími sem liggur laus í farþegarými gefur um það bil 12 kílóa högg á 90 kílómetra hraða. Þá getur 60 kílóa einstaklingur sem er ekki í bílbelti valdið átta tonna höggi.

Margir kannast við að henda töskum, golfsettum, veiðigræjum, hlaupahjólum og öðru slíku tvist og bast í skottið, rétt áður en rokið er af stað. Það sem ekki kemst fyrir þar fer svo í farþegarýmið en þar má gjarnan finna fatnað, skó, leikföng, raftæki, geisladiska, bækur og ýmiss konar matvörur. Það hljómar kannski saklaust en ef þessir hlutir fara af stað við árekstur eða annað óhapp er voðinn vís.

Það borgar sig því að gefa sér tíma og stafla rétt og vel í bílinn. Hér eru nokkur ráð:

- Byrjaðu á því að tæma skottið og farþegarýmið af öllu sem ekki þarf að hafa meðferðis.
- Pakkaðu sem mestu í handhægar töskur. Settu alla smáhluti í góða ferðapoka með rennilás eða kassa sem gott er að stafla. Gott er að setja matvörur í kassa með góðu loki. Sömuleiðis leikföng, bækur, veiðidót eða annað smálegt sem er með í för. Með þessu móti er auðveldara að raða í skottið og þannig kemst meira fyrir. Ef eitthvað lauslegt er með í för má skorða það á milli kassa.
- Gættu þess að hlaða farangrinum ekki of hátt. Hann má ekki byrgja sýn um afturrúðuna. Ef skottið er orðið fullt verður hreinlega að skilja eitthvað eftir eða koma því með öðrum hætti á áfangastað.
- Ekkert lauslegt á að vera í farþegarýminu og eiga farþegar að sjálfsögðu að vera með beltin spennt. Margir eru með spjaldtölvur og bækur fyrir börnin á lengri ferðum. Slíkt á að geyma í þar til gerðum vösum aftan á sætum þegar það er ekki í notkun. Geisladiska, sólgleraugu og síma ætti að geyma í hanskahólfinu eða í hliðarvösum í hurð. Drykkjarföng ætti að festa í þar til gerðar höldur. Ef nauðsynlega þarf að hafa fleiri lausamuni með í för ætti að skorða þá vel á gólfi fyrir aftan framsætin eða undir þeim.
- Séu dýr með í för þarf að útvega öryggisbúnað fyrir þau enda margfaldast höggþungi þeirra eins og annars. Til eru ferðabúr fyrir smáhunda, ketti og önnur smærri dýr. Þau þarf að skorða vel á gólfi, í skotti eða spenna í belti.
- Fyrir stærri dýr þarf sterk ferðabúr sem þola álag við árekstur eða veltu. Búrið þarf að skorða vel í bílnum. Þá eru til öryggisbelti ætluð stórum og meðalstórum hundum. Þau má festa við bílbelti



**Hér er aðeins betur að verki staðið en þó þarf að gæta þess að raða ekki of hátt. Farangurinn má ekki byrgja sýn út um afturrúðuna.**



**Hér hefur verið kastað til höndunum og mætti augljóslega raða hlutunum mun betur. Fyrst og fremst öryggisins vegna.**




# Framúrakstur fer í taugarnar á flestum

Vafasamur og glannalegur framúrakstur fer mest í taugarnar á Norðmönnum í umferðinni samkvæmt niðurstöðum könnunar bíltæknirisans Continental, en fjallað er um þær á vef fib (www.fib.is).



Fjórutíu prósent aðspurðra sögðu glannalegan framúrakstur fara mest í taugarnar á sér af öllu í umferðinni. Tuttugu prósent sögðu menn sem aka mjög þétt upp við næsta bíl eða „hengja sig á stuðarann“ mest pirrandi. Þá sögðu 19 prósent enga eða ranga notkun stefnuljósa fara mest í taugarnar á sér og 11 prósent farsímanotkun undir stýri. Sáralítill munur reyndist vera á svörum fólks eftir aldri eða kyni og lítilsháttar eftir búsetu. Continental framleiðir þekkta hjólbarða og er auk þess stór framleiðandi öryggisbúnaðar í bíla og hvers konar öryggiskerfa til að koma í veg fyrir umferðarslys. Yfirlýst markmið fyrirtækisins er að útrýma dauðaslysum í umferðinni.



Sjóvá

440 2000

**Bíll á gömlum slitnum dekkjum, sem er ekið á 80 km hraða, er 14 metrum lengur að stoppa en bíll á nýjum dekkjum.**

Þess vegna færðu tilboð á nýjum dekkjum ef þú ert í Stofni.

**sjova.is**












## Nagladekkin undan á morgun

Leyfilegur tími fyrir nagladekk er frá 1. nóvember fram til 15. apríl. Því þurfa bíleigendur sem nota nagladekk að huga að því strax á morgun að skipta. Þó má nota negld dekk utan þessa tíma ef þörf krefur vegna akstursaðstæðna. Yfirleitt eru ekki gerðar athugasemdir við það þó nagladekk séu undir bílum út aprílmánuð en eftir þann tíma geta ökumenn búist við því að verða stöðvaðir af lögreglu og sektaðir fyrir notkun negldra hjólbarða.

Sektin fyrir hvert neglt dekk undir bílnum er kr. 5000 fyrir hvert dekk. Það getur því verið ansi dýrt að láta hjá líða að koma bílnum á sumar- eða heilsársdekk á réttum tíma, eða samtals kr. 20.000 fyrir fjögur negld dekk undir bílnum.

*Heimild: Fib.is*



## Haldið af stað í ferðalag

Áður en lagt er af stað í ferðalag er gott að yfirfara bílinn tímanlega enda nauðsynlegt að ástand hans sé gott. Þannig er hægt að gera ráðstafanir um viðgerð en slíkt getur tekið þó nokkurn tíma.

Á ferðalögum er bíllinn oftast meira hlaðinn og vegir misgóðir. Því er álagið meira en við daglegan akstur. Bíleigendur geta farið yfir ástand bílsins að hluta sjálfir en hemla og annan öryggisbúnað á að láta fagmenn athuga.

Dekkin eru eitt af því sem verður að vera í lagi. Þannig má munstur-dýpt ekki vera minni en 1,6 mm. Ef framundan er langt ferðalag er ekki óeðlilegt að miða við 2-3 mm munsturdýpt til að mæta hjólbarðasliti á ferðalaginu. Álag og slit á hjólbörðum eykst í hlutfalli við þyngd farþega og farangurs. Því skal kanna loftþrýsting hjólbarða og athuga ástand varahjólbarða. Loftþrýsting þarf að auka ef bifreiðin er mikið hlaðin, í samræmi við ábendingar í eigendahandbók.

*Heimild: Fib.is*

## KEYRT Í ÚTLÖNDUM

Með hækkandi sól flykkist fjöldi Íslendinga til útlanda. Margir hafa áhuga á að leigja sér bílaleigubíl erlendis en þá er að ýmsu að huga fyrir brottför.

Í dag eru íslensk ökuskíreini viðurkennd til aksturs innan EES-landa (að teknu tilliti til reglna hvers lands um lágmarksaldur auk þess sem sérstök réttindi þarf til aksturs í atvinnuskyni). Skiptir þá engu hvort viðkomandi dvelur sem ferðamaður í viðkomandi ríki eða tekur upp fasta búsetu þar.

Utan landa Evrópska efnahagssvæðisins gilda ólíkar reglur en í mörgum ríkjum er íslenska ökuskírteinið þó viðurkennt ef viðkomandi dvelur þar sem ferðamaður. Þó þarf nær alltaf að skipta í þjóðarskírteini viðkomandi ríkis sé föst búseta tekin upp.



Til að hafa allt á hreinu er best að hafa einnig alþjóðlegt ökuskírteini en þó er mismunandi eftir bílaleigum hvort óskað sé eftir því að skírteininu sé framvísað. Alþjóða ökuskírteinið er viðurkennt í öllum löndum heims utan Kína. Gildistími þess er eitt ár og gefur handhafa réttindi til að keyra sömu ökutæki og tilgreind eru á íslenska ökuskírteininu.

*Heimild: www.fib.is.*




Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:
• Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

KRÓKUR
á þinni leið
Suðurhraun 3, 210 Garðabær



CAPPUCCINO 80 cm kr. 32.400 / 60 cm kr. 22.100



TRIPOD LAMPI kr. 44.600



BETINA SJÓNVPARSSKENKUR kr. 107.400



RUGGED MOTTA kr. 52.650

**TILBOÐ kr. 224.000**

** Gildir til 20 apríl*



EDGE HORNTUNGUSÓFI 280X200 CM kr. 263.700



KÖRFUR kr. 12.300 / 14.150



KELLY GOLD kr. 26.550

## STÆRRI OG BETRI VERSLUN - SPENNANDI NÝJUNGAR - NÝ VÖRUMERKI



UNFURL SVEFNSÓFI kr. 109.900



FRÁBÆRT ÚRVAL
AF PÚÐUM



OAK TRAY BORÐ 47 cm kr. 22.300 / 78 cm 46.800



AMI STÓLL kr. 19.900

*1 STÆKKUN FYLGIR MEÐ*



BESS BORÐSTOFUBORÐ 160X90 cm kr. 148.800



BONBON PULLA kr. 49.400



OMG STÓLL kr. 34.650z



BETINA EIKARSKENKUR 200 cm kr. 142.900



CUPID kr. 17.800



FLINGA 160 CM kr. 16.700
FLINGA 80 CM kr. 9.800



DIONE STÓLL kr. 103.400

# LÍNAN

BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16



Á Berglindi rennur stundum bleikt æði að hennar sögn. Flísarnar sáu þau á Taco-barnum og gengu búð úr búð þar til þau fundu eins flísar. MYND/ERNIR




Í hillunni má sjá Andrésar Andarsafn Berglindar og bróður hennar. Myndirnar fyrir aftan Berglindi eru eftir Melkorku Katrínu Tómasdóttur og bleika kasettutækið keypti Berglind á netinu í einu af sínu bleiku köstum. „Ég á mjög umburðarlyndan sambýlismann.“ MYND/ERNIR



Eldhúsið áður en það var tekið í gegn. MYND/ÁRSALIR



Eldhúsið er bjart og opnar hillur geyma leirtau og grænar plöntur í pottum. „Allt gervi,“ segir Berglind. MYND/BERGLIND



Berglind og Steinþór rifu nánast allt út úr íbúðinni og endurnýjuðu. Öll gólfefni voru tekin upp og gólfið síðan flotað og lakkað. Borðstofuhúsgögnin fundu þau í Sóló húsgögnum. MYND/BERGLIND



Stofan fyrir breytingar. MYND/ÁRSALIR

# SJÓNVARPSKOKKUR Í EIGIN ELDHÚSI

**Berglind Pétursdóttir** og **Steinþór Helgi Arnsteinsson** gjörbreyttu lítilli íbúð í miðbænum á nokkrum mánuðum. Útkoman er glæsileg svo þau tíma varla að nota eldhúsið. Bleikir draumar Berglindar rættust á baðherberginu og plötusafnið fékk heiðursstað í stofunni.

„Við fluttum inn fyrir rúmum mánuði en framkvæmdir hófust strax í jólafríinu. Við rifum hreinlega allt út og hér voru iðnaðarmenn að vinna fram á síðustu stundu. En þá var líka allt klárt. Eftir að maður flytur inn nennir maður heldur ekki að gera neitt, ekki einu sinni skipta um peru,“ segir Berglind Pétursdóttir en hún og Steinþór Helgi Arnsteinsson gerðu upp huggulega íbúð í miðbænum. Framkvæmdirnar kostuðu blóð svita og tár og segir Berglind yndislegt að vera flutt inn en á meðan á framkvæmdum stóð bjuggu þau hjá foreldrum hennar.

„Þau voru mjög glöð að losna við okkur. En auðvitað var þetta ljúft líf, fyrir okkur, að þurfa aldrei að kaupa í matinn og geta bara eytt öllum peningunum í Byko. Við erum strax búin að panta okkur sérstaka þjónustu, þar sem keypt er í matinn fyrir mann og sent heim með uppskrift. Það þarf að spara nýja eldhúsið. Mér líður eins og sjónvarpskokki, með allt niðurskorið í réttum hlutföllum fyrir framan mig og kryddin í litlum krukkum,“ segir Berglind.

## BLEIKAR FLÍSAR DÓRU TAKEFUSA

„Það rennur stundum á mig bleikt æði og ég náði að kýla bleikar flísar í gegn inni á baði og einn bleikan vegg í eldhúsinu. Baðflísarnar sáum við þegar við fórum út að borða á Taco-barnum á Hverfisgötu. Gengum svo flísabúð úr flísabúð og spurðum hvort þau hefðu mögulega selt Dóru Takefusa bleikar flísar! Fundum búðina og pöntuðum eins.“

Hvaðan kemur eldhúsinnréttingin sem á að spara svona vel?

„Við enduðum hjá krökkunum í eldhúsdeild IKEA eftir mikla leit að innréttingu. Þau voru svo dásamleg að ég vildi fara aftur og aftur til þeirra. Þau teiknuðu örugglega fyrir okkur um sjö hundruð tillögur. Á endanum tókum við svo bara einhverja beisik innréttingu,“ segir Berglind.

## YFIRGAF BLÓMIN

Eldhúsið er bjart og hvítar opnar hillur geyma glös og leirtau. Ljósið yfir eldhúsborðinu setur mikinn svip á eldhúsið og eins grænar plöntur í hvítum pottum.

„Allt gervi. Ég fékk tvo kaktusa í innflutningsgjöf sem vonandi munu halda lífi. Við áttum plöntur sem fóru í pössun meðan á framkvæmdunum stóð. Þær hafa það svo gott þar að ég hugsa að þær verði þar áfram. Gormaljósið fékk ótrúlega góð viðbrögð á Twitter frá eldra fólki sem sagðist hafa átt svona árum saman „og gormurinn virkar enn“. Ég held að ég hafi gert mjög góð kaup,“ segir Berglind og er yfir sig ánægð með nýja heimilið.

„Við erum búin að halda innflutningspartýið. Það var sérstaklega ánægjulegt að uppgötva að þessi íbúð reyndist hinn besti partýstaður.“

## BÍLAR & FARARTÆKI

SUZUKI



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 154.900.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

S A F T


VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

100 bílar.is bílasala



Land Rover Discovery 4 HSE, 2/2012, ek 74 þús km, sjsk, dísel, mjög flottur bíll, stærri vélin 256 hö, ásett verð 9.950 þús, er á staðnum, raðnr 152037.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**EINN FLOTTUR Í SUMAR!**
BMW 3 e92 2008, ek. 98þús. Vel með farinn, snyrtilegur bíll og vel þjónustaður allir þjónustupappírar fylgja með. Verð 3890þús, skoða staðgreiðslutilboð eða skipti á 4x4 lúxusbíl. Gunnar sími 772-3838 eða gdkristinsson@gmail.com

## 250-499 þús.



**SPARIBAUKUR !!!**
VW polo árg. '04 ek. 152þús nýskoðaður 5 dyra beinsk. Ásett verð 590þús TILBOÐ 450 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

## 500-999 þús.



**MJÖG EYÐSLUGRANNUR**
VW Fox 1,2 árg '07. ek 140þús km. tímakeðja. skoðaður, heilsársdekk. beinskiptur. topplúga. samlitaður. álfelgur. virkilega sparneytinn bíll. Ásett verð 890þús. Tilboðsverð aðeins 590þús. allt að 100% vísalán í boði. uppl í s:659-9696



**SJÁLFSKIPTUR - 100% VÍSALÁN**
Chevrolet Lacetti 1.8 árg '05. ek aðeins 128þús km. ssk. ný tímareim. nýleg vetrardekk. 5dyra. mjög eyðslugrannur og góður bíll. Ásett: 890þús. Tilboðsverð aðeins 590þús stgr. 100% vísalán í boði. s:659-9696



**SJÁLFSKIPTUR - NÝ SKOÐAÐUR**
Hyundai Getz 1.6 sjálfskiptur. árg '05. ek 154þús km. 5dyra. ný skoðaður. ný heilsársdekk. álfelgur. samlæsingar. bíll í mjög góðu ástandi sem eyðir litlu. ásett v:790þús. Tilboðsverð aðeins 590þús stgr. allt að 100% vísalán í boði. s: 659-9696



**TILBOÐ 690 ÞÚS**
SUBARU LEGACY 4X4 WAGON árg 2004 ek.218 þús, sjálfskiptur, ny skoðaður 17 nýtt bremsum ofl. heilsársdekk, ásett verð 990 þús TILBOÐ 690 þús vísalan í boði í 36 mán s.841 8955



**GÓÐUR 4X4 JEPPLINGUR!**
SUZUKI GRAND VITARA árg 2001 ek.147 þús, smurbók, beinskiptur, mjög gott eintak og óryðgaður verð 650 þús möguleiki á 100% vísalani s.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815**
**eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Fellihýsi

VÍKURVERK NOTAÐIR VAGNAR



VÍKUR V·E·R·K
Kauptúni 3 • 210 Garðabær
Sími 522 2222 • vikurverk.is

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.



HONDA
**Accord Comfort 2.0**
Nýskráður 7/2003, ekinn 149 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 950.000**



PEUGEOT
**1007 Sporty**
Nýskráður 8/2006, ekinn 45 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 750.000**



**BÍLL DAGSINS**
**CR-V i-VTEC 150 hö**
Nýskráður 5/2003, ekinn 145 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.090.000**
**Tilboð kr. 790.000**



TOYOTA
**Previa**
Nýskráður 5/2001, ekinn 293 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 590.000**



HONDA
**HR-V sport**
Nýskráður 1/2006, ekinn 162 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 790.000**



PEUGEOT
**207XR dísil**
Nýskráður 7/2007, ekinn 139 þús.km., dísel, 5 gírar.
**Verð kr. 1.290.000**



PEUGEOT
**307SW Break**
Nýskráður 11/2009, ekinn 92 þús.km., bensín, sjálfskiptur 4 gírar.
**Verð kr. 1.390.000**



HONDA
**CR-V 4WD RVSi**
Nýskráður 10/2001, ekinn 141 þús.km., bensín. **Verð kr. 690.000**
**Tilboð kr. 570.000**



PEUGEOT
**307 Griffe**
Nýskráður 6/2007, ekinn 70 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.180.000**

**Opnunartími**
**Mánudaga - föstudaga**
**milli kl. 10:00 og 18:00**
**Laugardaga milli**
**kl. 12:00 og 16:00**

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Varahlutir

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Felli tré, grisja og klippi runna. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910




Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**NÚ ER RÉTTI TÍMINN FYRIR VIÐHALD**
Við tökum að okkur allt viðhald og sólpallasmíði. Valur Kristjánsson húsasmíðameistari. Sími 770 7788

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

Spái í Tarot og bolla tek heim og í gegnum síma. Kristín s. 8979002.

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
**STARFSMANNABÚSTAÐIR FYRIR VERKTAKA, LÁGMARKSALDUR 25 ÁRA.**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

**TIL LEIGU, AÐEINS KR. 1250 KR FM!**
120 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

**ÓSKA EFTIR 3-4 HERB. ÍBÚÐ/HÆÐ**
Óska eftir 3ja-4ja herbergja íbúð/hæð, á svæði 201-203-210-220-221. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísar greiðslur.
**Upplýsingar í síma 863 4291**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

Óskum eftir ca. 30 fm upphituðu geymslu/iðnaðarplássi fyrir verkfæri og tæki iðnaðarmanna. Verðhugmynd 30 - 50 þúsund. Porsteinn 893-6994

## Sumarbústaðir



Útvegum efni í hágæða-timburhús frá Finnlandi.
Sumarhús- einbýlishús
Fjölbreytt úrval- gott verð.
Upplýsingar hjá ghalldor@simnet.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**LITALÍNAN EHF**
Óskar eftir lærðum málurum og menn vana málningarvinnu. Uppl. í S. 898 9591 & 896 5445

Garðyrkjufyrirtæki óskar eftir duglegu og stundvísu starfsfólki. Kostur er ef fólk er með bíl til umráða. Þurfa að geta byrjað helst strax. S. 7745775

Nuddstofa vantar starfsmann sem kann að nudda, umsaminn laun, nuddstofann er einnig til leigu, símanúmer 7789071

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir duglegum starfsmanni með bílpróf sem getur hafið störf strax. Einnig óskum við eftir sumarstarfsmönnum. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG STARFSMENN?**
Erum með iðnaðarmenn og almenna verkamenn á skrá sem geta byrjað fljótlega. Einnig bílstjóra með meirapróf

Við finnum réttu mennina fyrir þig.

Verkleigan sími:780-1000

e: vinna@verkleigan.is

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

## skemmtanir




Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**Leikir helgarinnar**
**Laugardaginn 16. apríl**
13:50 Man.United - Aston Villa
16:20 Chelsea - Man.City
**Sunnudaginn 17. apríl**
12:20 Bournemouth - Liverpool
14:50 Arsenal - Crystal Palace

**Hljómsveitin Klettar**




Rúnar Þór, Rúnar Villa Valla, Tryggvi Hubner, og Siggi Árna spila um helgina og síðasta vetrardag 20/4 n.k.

http://www.facebook.com/cafecatalina
Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

## tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um tillögu að deiliskipulagi og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að nýju og breyttu deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Kennaraháskóli Íslands, reitur 1.254

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum þann 16. mars 2016 og borgarráð Reykjavíkur þann 31. mars 2016 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.254, Kennaraháskólinn. Í tillögunni felst uppbygging á hluta núverandi lóðar Kennaraháskóla Íslands fyrir byggingu 60 íbúða fyrir eldri borgara og allt að 100 íbúðir fyrir námsmenn. Auk þessa verða skilgreindar á ný byggingarheimildir fyrir lóð Kennaraháskóla Íslands. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Kjalarnes, Esjumelar

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum þann 30. mars 2016 og borgarráð Reykjavíkur þann 7. apríl 2016 að auglýsa deiliskipulag fyrir Esjumela við Vesturlandsveg. Tillagan er að nýju skipulagi athafnsvæðisins Esjumela við Vesturlandsveg, þar sem gert er ráð fyrir fjölbreyttu framboði lóða af mismunandi stærðum og gerðum í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Í deiliskipulaginu er einnig lögð rík áhersla á snyrtilegan frágang mannvirkja og lóða. Stærð svæðisins er um 85 hektarar og er aðkoma að svæðinu um Vesturlandsveg. Tillagan yfirtekur einnig eldra deiliskipulag fyrir vestari hluta Esjumela sem hefur verið í gildi frá 2004. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá 15. apríl 2016 til og með 27. maí 2016. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 27. maí 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 15. apríl 2016
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

# Kópavogsgerði 5-7

**BARA 7 ÍBÚÐIR EFTIR**

**55 ÁRA OG ELDRI**



Fullbúnar 3ja herbergja íbúðir

Íbúðirnar skilast með gólfefnum og vönduðum eldhústækjum

Stæði í bílgeymslu í boði

Einstök staðsetning við sjávarsíðuna

Stærðir frá 122-188 fm

**Afhending júlí/ágúst 2016**

Verð frá: **48,1 millj.**

**OPIÐ HÚS**
**föstudaginn 15.april kl.17:00-18:00**






F A S T E I G N A S A L A N
**MIKLABORG**
Lágmúla 4 108 Reykjavík



**Jórunn Skúladóttir,** lögg. fasteignasali
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958



**Ásgrímur Ásmundsson,** lögg. fasteignasali
asgrimur@miklaborg.is **sími:** : 865 4120



**Jón Rafn Valdimarsson,** lögg. fasteignasali
jon@miklaborg.is **sími:** 695 5520

**569 7000** - með þér alla leið - **www.miklaborg.is**

2015 Framúrskarandi fyrirtæki

**Stofnað 1983**

**HRAUNHAMAR**
F A S T E I G N A S A L A
Sími 520 7500

Magnús Emilsson lögg. fasteignasali
Freyja Sigurðardóttir lögg. fasteignasali
Ágústa Hauksdóttir lögg. fasteignasali.
Helgi Jón Harðarson sölustjóri
Hilmar Þór Bryde sölumaður
Þorbjörn Helgi Þórðarson sölumaður
Hlynur Halldórsson sölumaður
Valgerður Ása Gissurardóttir lögg. fasteignasali



# NORÐURBAKKI 7 - 9 - HAFNARFJÖRÐUR
# NÝJAR ÍBÚÐIR

**Opið hús í dag milli kl. 12 – 13**

**Sýningaríbúð í húsi nr. 7A íbúð 402**

- 3ja og 4ra herbergja íbúðir
- Stærðir frá 122-165 fm.
- Klætt fjölbýli.
- Rúmgóð sérstæði í bílageymslu fylgir hverri íbúð
- Lyftuhús
- Afhendast fullbúnar að utan sem innan með gólfefnum.
- Byggingaraðili VHE
- Frábær staðsetning
- **Afhending í maí 2016 - Allar nánari upplýsingar á hraunhamar.is**

nordurbakki.is

# GLAMOUR




## *GLAMOUR GEFUR ÖLLUM ÁSKRIFENDUM AFMÆLISGJÖF Í APRÍL!*

Fáðu Glamour inn um lúguna einu sinni í mánuði
fyrir aðeins 1.690 kr.

Blaðið kostar 1.990 kr. í lausasölu.

Áskrifendur sem eru í viðskiptum við 365 fá
blaðið á sérstöku verði eða 1.490 kr. á mánuði.

*Vertu með!*

